# FRÉTTABLAÐIÐ

187. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 10. ÁGÚST 2016


## Stefnir í að velta Örnu tvöfaldist

**Framkvæmdastjóri mjólkurvinnslunnar Örnu segir sérstöðu þurfa til að keppa við Mjólkursamsöluna. Hann sér fram á fimm til sex hundruð milljóna króna veltu á árinu og hagnað í fyrsta sinn.**

**VIÐSKIPTI** Í stefnir að velta mjólkurframleiðslufyrirtækisins Örnu í Bolungarvík tvöfaldist á þessu ári. Hálfdán Óskarsson, framkvæmdastjóri Örnu, segir rekstur fyrirtækisins hafa verið erfiðan til að byrja með en hann hafi nú breyst til batnaðar. Hann sér fram á hagnað í fyrsta sinn á árinu 2016.

„Við byrjuðum í september þannig að það er ekki að marka fyrsta árið. En annað árið, það er 2014, var mikið tap hjá okkur, segir Hálfdán. Fyrirtækið hafi verið rekið við núllið á síðasta ári og það stefni í hagnað á yfirstandandi ári.

„Mér sýnist við vera að velta um það bil fimm til sex hundruð milljónum á þessu ári, en í fyrra velti fyrirtækið 240 milljónum."

Hálfdán segir ákveðna sérstöðu þurfa til að keppa við Mjólkursamsöluna.

„Það hefur verið þannig að þeir sem hafa sett upp mjólkurvinnslu á Íslandi, þeim hefur ekkert gengið í samkeppni við Mjólkursamsöluna. En með því að vera með laktósafríar mjólkurvörur þá ertu með ákveðna sérstöðu sem þú getur byggt á. Þeir reyndar komu með sína léttmjólk um leið og þeir fréttu að við værum að fara af stað, en þeir hafa

> **Mér sýnist við vera að velta um það bil fimm til sex hundruð milljónum á þessu ári.**



Hálfdán Óskarsson, framkvæmdastjóri Örnu

ekki komið með fleiri vörur þannig að við sinnum þessum markaði að mestu leyti."

Hálfdán segir að starfsemi Örnu sé háð því að neytendur standi með fyrirtækinu. Það hafa þeir gert, enda hefur velta Örnu aukist þegar umræðan um Mjólkursamsöluna og samkeppnismál stendur sem hæst.

„Það hefur gerst tvisvar sinnum. Það gerðist haustið 2014 og svo núna í sumar," segir Hálfdán. Hann segir að veltuaukningin hafi þó ekki haldið sér að fullu. Það hafi orðið gríðarleg aukning fyrstu tvær til þrjár vikurnar eftir umræðuna en svo minnkaði hún. En varanleg aukning frá því í sumar er um það bil 50 prósent. **– jhh / sjá Markaðinn**



**Fyrsta túnfisklöndun ársins** Pétur Hafsteinn Pálsson, framkvæmdastjóri Vísis hf. í Grindavík, segir 11 fiska hafa veiðst. „Þeir voru flestir um tveir metrar og vógu um 200 kíló lifandi. Hér var japanskur eftirlitsmaður sem sá til þess að allt væri rétt gert." Fiskurinn fer með flugi á markað í Japan. „Og svo notaður í sushi." FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

## Dagsetning á fimmtudag

**STJÓRNMÁL** Á boðuðum fundi forsætisráðherra og fjármálaráðherra með formönnum stjórnarandstöðuflokkanna á fimmtudag verður meðal annars reynt að ákveða dagsetningu boðaðra þingkosninga í haust.

Stjórnarandstaðan hefur sagt óvissu um kosningarnar koma til með að trufla þingstörfin. Nefndafundir hefjast í dag.

Deilt er um stór mál, en kynna á breytingar á búvörusamningum sem auka ættu möguleika á sátt um þá, að því er Jón Gunnarsson, formaður atvinnuveganefndar, segir. Nokkuð hefur verið deilt á nýgerða búvörusamninga, bæði af hálfu stjórnarandstöðu og innan úr Sjálfstæðisflokki. Samþykkja þarf samninganna fyrir kosningar. **– ngy, sa / sjá síður 2 og 6**

## Rifti samningi vegna brota á vinnulöggjöf

**VINNUMARKAÐUR** Hreiðar Hermannsson, eigandi Sandfells, segist ekki hafa haft nokkurn grun um brot undirverktaka síns, Isdekora, á verkafólki sem reisti vinnubúðir á Bakka norðan Húsavíkur. Greiddar voru tæpar 600 krónur í tímakaup.

„Enginn frá þessum verktaka vinnur fyrir Sandfell í dag og um leið og þetta varð uppvíst var gengið í málið. Ég var algjörlega grunlaus," segir Hreiðar. Hann hafi áður reitt sig á sama verktaka og talið hann traustan.

Í júlí áttu fulltrúar Framsýnar fund með fulltrúum Vinnumálastofnunar vegna mála sem tengjast uppbyggingu orkufreks iðnaðar við Húsavík. Fjöldi undirverktaka kemur að uppbyggingunni og síðan framkvæmdir hófust hafa komið upp nokkur brot sem tengj-

> **Enginn frá þessum verktaka vinnur fyrir Sandfell í dag.**

Hreiðar Hermannsson, eigandi Sanfells

ast launakjörum starfsmanna. Þar á meðal brot Isdekora.

Unnur Sverrisdóttir, aðstoðarforstjóri Vinnumálastofnunar, segir flest mál leysast með leiðréttingu á kjörum. „Aðeins örfá mál hafa farið á borð lögreglu." Oftast geti stofnunin kært fyrirtæki sem brjóti á starfsfólki.

„Það eru hins vegar stéttarfélögin sem uppgötva brotin og því er þetta samvinnuverkefni. Félögin mætti kalla launalögreglu á vinnumarkaði," segir Unnur. **– kbg / sjá síðu 8**

### Fréttablaðið í dag


**MARKAÐURINN** Plötusala er **fimmtungur af því sem var fyrir áratug** Vægi tónleika og varningssölu er því sagt verða sífellt mikilvægara.



**SKOÐUN** Kári Stefánsson svarar fyrir sig. 14

**SPORT** Dagur fer vel af stað með þýska landsliðið í Ríó. 18

**MENNING** Stefán Hallur Stefánsson frumsýnir einleik. 26

**LÍFIÐ** Ljósmynd Ástu Kristjánsdóttur ratar í ítalska Vogue. 34

**PLÚS 1 SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Suðaustankaldi með rigningu í dag, en hægara og þurrt á Norðausturlandi fram á kvöld. Hiti allt að 18 stigum fyrir norðan. SJÁ SÍÐU 24

# Reyna að ákveða dagsetningu

**STJÓRNMÁL** Sigurður Ingi Jóhannsson forsætisráðherra og Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra munu hitta þingflokksformenn stjórnarandstöðunnar á fimmtudag og fara meðal annars yfir það hvenær þingkosningar fari fram.

„Við munum ræða fyrirkomulag þingstarfanna og reyna ná samstöðu um það. Hluti af því verður að reyna að finna sameiginlega sýn á það hvenær eigi að kjósa,“ segir Sigurður Ingi en leitað var eftir viðbrögðum hans í kjölfar ummæla þingflokksformanna stjórnarandstöðunnar um að óvissa um tímasetningu boðaðra kosninga myndi trufla þingstörfin.

„Það er í sjálfu sér engin óvissa en það hefur legið lengi fyrir að það er stefnt að kosningum í haust þegar við höfum lokið yfirferð þeirra verkefna sem hafa legið fyrir,“ segir Sigurður Ingi og bætir við að hann hafi trú á því að stjórnarandstaðan vilji ekki setja þingstörfin í uppnám. „Það gekk vel í vor og það voru afgreidd um þrjátíu til fjörutíu mál.“

Haft var eftir Óttari Proppé, formanni Bjartrar framtíðar, í Fréttablaðinu á mánudag að skortur á dagsetningu geri uppstillingarstarfi flokksins erfitt fyrir. Sigurður segist ekki geta séð að óákveðin tímasetning hafi truflað uppstillingarstarf flokkanna. „Mér sýnist allar stjórnmálahreyfingar vera komnar á fullt að raða á lista.“ – **ngy**

> Við munum ræða fyrirkomulag þingstarfanna og reyna ná samstöðu um það. Hluti af því verður að reyna að finna sameiginlega sýn á það hvenær eigi að kjósa



Sigurður Ingi Jóhannsson, forsætisráðherra

## Hleðslustöðvar við IKEA




Rafvirkinn Mikael Ólafsson hamast við að setja upp hleðslustöðvar fyrir rafbíla á bílastæði húsgagnaverslunarinnar IKEA í Garðabæ. Alls voru settar upp tíu hleðslustöðvar í gær, en til stendur að setja upp fleiri hleðslustöðvar á bílastæðinu. Stæðin eru sérstaklega merkt með grænum lit. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Zika-veira ekki ógnað í Ríó

**BRASILÍA** Hingað til hefur zika-veiran ekki sett svip sinn á Ólympíuleikana sem fara fram þessa dagana í brasilísku borginni Rio de Janeiro. Ástæðan er talin vera kalt veður og að moskítóflugur hafa verið tiltölulega fáar það sem af er leikum.

Alls sækir um ein milljón gesta Ríó heim til þess að fylgjast með Ólympíuleikunum, þar af er um helmingurinn sagður koma erlendis frá.

Óttast var að veiran myndi setja svip sinn á leikana en um áramótin braust út versti zika-veirufaraldur í sögu Brasilíu og greindust mörg þúsund tilfelli á þeim tíma. Tilfellin voru þó fleiri í norðausturhluta landsins en á svæðinu umhverfis Ríó.

Alls hafa um 17 hundruð börn fæðst með dverghöfuð í Brasilíu sem orsakast af því að móðirin hefur sýkst af zika-veirunni á meðgöngu. Ekkert bóluefni er til við veirunni. – **þea**

www.vidreisn.is
VIÐREISN
/ Vidreisn

Stjórn Viðreisnar leitar að kraftmiklum, jákvæðum, traustum og heiðarlegum einstaklingum á framboðslista flokksins fyrir komandi kosningar. Áhersla er lögð á að á framboðslistum Viðreisnar verði fólk með fjölbreytta reynslu og þekkingu. Konum og körlum verður skipað jafnt til sætis á framboðslistum Viðreisnar. Ef þú átt samleið með okkur og ert tilbúin(n) að leggja krafta þína og metnað í starfið, hafðu þá endilega samband við formann uppstillingarnefndar í þínu kjördæmi fyrir laugardaginn 20. ágúst:

- **Reykjavík (suður og norður)** - Ásdís J. Rafnar: **asdis@vidreisn.is**
- **Suðvesturland** - Vilmundur Jósefsson: **vilmundur@vidreisn.is**
- **Suðurland** - Þórunn Benediktsdóttir: **thorunn@vidreisn.is**
- **Norðausturland** - Valtýr Þór Hreiðarsson: **valtyr@vidreisn.is**
- **Norðvesturland** - Gísli Halldór Halldórsson: **gisli@vidreisn.is**

Jafnframt má hafa samband við Jórunni Frímannsdóttur, formann yfirkjörnefndar: **jorunn@vidreisn.is**

Við leitum líka að fólki um allt land sem vill hjálpa til við að byggja upp öflugan flokk og taka þátt í komandi kosningabaráttu. Áhugasamir hafi samband við skrifstofu Viðreisnar að Ármúla 42 í Reykjavík í síma **415 3700** eða með því að senda tölvupóst á **vidreisn@vidreisn.is**.

Ármúla 42 • 108 Reykjavík • sími 415 3700 • vidreisn@vidreisn.is

# Kvörtunum erlendra neytenda fjölgar mikið

**Málum sem berast Evrópsku neytendaaðstoðinni á Íslandi hefur fjölgað mjög. Aukningin er 65% milli ára. 175 erindi bárust 2015. Flest deilumálin eru vegna ferðamanna sem lenda í vandræðum gagnvart bílaleigum eða flugfélögum.**

**NEYTENDUR** Gríðarleg fjölgun hefur orðið á málum sem berast Evrópsku neytendaaðstoðinni á Íslandi(ECC). Alls voru 175 erindi á árinu 2015 en það er 65 prósenta fjölgun frá fyrra ári og langt yfir meðaltali undanfarinna ára. ECC á Íslandi er hýst af Neytendasamtökunum en hlutverk þeirra er að aðstoða neytendur sem eiga í deilum við seljendur vöru eða þjónustu yfir landamæri innan EES-svæðisins. Langflest þeirra mála sem ECC fær til meðferðar varða ferðalög á Íslandi en samkvæmt upplýsingum frá samtökunum er málum enn að fjölga.

Árið 2015 voru skráðar 58 fyrirspurnir, 54 einfaldar kvartanir, en þá er kominn upp ágreiningur milli neytanda og seljanda, og 63 kvörtunarmál, en þá hefur starfsfólk ECC milligöngu um að leysa deiluna.

„Það er ljóst að það hefur orðið mikil fjölgun, hvort sem það er vegna aukins ferðamannastraums til Íslands eða aukinnar þekkingar neytenda á ECC-netinu,“ segir Ívar Halldórsson, lögfræðingur hjá ECC, en hann segist ekki vita nákvæmlega hvað valdi fjölguninni. Hann útskýrir að flest deilumálin sem komi til meðferðar ECC séu vegna erlendra ferðamanna sem lent hafi í einhvers konar vandræðum gagnvart bílaleigum eða flugfélögum á Íslandi.

Sem dæmi um kvörtunarmál sem barst ECC má nefna mál ferðamanns frá Tékklandi sem leigði bíl á Íslandi síðasta sumar. Steinn skaust úr jeppabifreið sem ók fyrir framan hann og fór í framrúðu bílaleigubílsins með þeim afleiðingum að sprunga kom í framrúðuna. Eigandi jeppabifreiðarinnar viðurkenndi sök sína og skrifuð var tjónaskýrsla. Þrátt fyrir það rukkaði bílaleigan ferðamanninn um 572 evrur vegna tjónsins. Ferðamaðurinn leitaði þá til ECC sem hafði samband við bílaleiguna. Málið endaði með því að bílaleigan endurgreiddi ferðamanninum alla þá upphæð sem innheimt hafði verið vegna tjónsins og baðst afsökunar á mistökum sínum.

**nadine@frettabladid.is**



Ófáir bílaleigubílar voru við Bláa lónið í gær. Flest deilumálin sem rata inn á borð ECC eru vegna erlendra ferðamanna sem lent hefur saman við bílaleigur eða flugfélög á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

> Það er ljóst að það hefur orðið mikil fjölgun.



Ívar Halldórsson, lögfræðingur hjá ECC




DRÖGUM KL. 18.00 Í DAG | **TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á HHI.IS**

ÆVINTÝRALEGAR VINNINGSSÖGUR Í HVERJUM MÁNUÐI

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS

*Vænlegast til vinnings*

PIPAR\TBWA • SÍA • 163666

# Fleiri konur kjósa að fæða börn sín á sjúkrahúsinu á Akranesi

**HEILBRIGÐISMÁL** Fæðingum á sjúkrahúsinu á Akranesi hefur fjölgað jafnt og þétt síðustu ár og hafa verið á bilinu 250 til 270 á ári. Metið var slegið árið 2010 þegar fæðingar voru 358. Hafdís Rúnarsdóttir ljósmóðir segir ástæðuna meðal annars að konur fái að liggja inni í 36 klukkutíma eftir eðlilega fæðingu og í 48 tíma eftir keisaraskurð eða erfiðari fæðingar.

Samkvæmt upplýsingum frá Landspítala er miðað við að konur sem fæða fyrsta barn liggi í 12 tíma eftir eðlilega fæðingu, annars 24 tíma.

**Það hefur einnig verið jöfn og þétt aukning, sérstaklega frá nágrannabyggðum okkar eins og Mosfellsbæ og Kjalarnesi.**



Hafdís Rúnarsdóttir, ljósmóðir á Akranesi

Hafdís segir einnig að hluti kvenna, meðal annars af Snæfellsnesi og frá Hvammstanga, fái að liggja fulla sængurlegu þar sem heimaþjónusta sé ekki í boði í þeirra heimabyggð. Þetta eigi einnig við um allar konur sem óski eftir því að fæða á Akranesi til að liggja inni í þrjá til fjóra daga.

„Það hefur einnig verið jöfn og þétt aukning, sérstaklega frá nágrannabyggðum okkar eins og Mosfellsbæ og Kjalarnesi.“ Vegalengdin sé ekkert vandamál. „Ég bý sjálf í Mosfellsbæ og er 25 mínútur hingað, plan í plan. Ég myndi ekki alltaf komast á þeim tíma niður á Landspítala.“

Þá segir Hafdís að ljósmæður sem sinni mæðravernd á Stór-Reykjavíkursvæðinu hafi bent á Akranes sem valkost fyrir þær konur sem óski eftir heimilislegra umhverfi. „Hér er öll þjónusta í boði því við erum alltaf bæði með svæfingarlækni og fæðingarlækni á vakt ef á þarf að halda,“ segir Hafdís og bætir við að þetta sé reyndar valkostur sem allar konur hafi, burtséð frá því hvar þær kunni að hafa búsetu á landinu. **– ngy, þea**



**Konur sækja í að fæða á sjúkrahúsinu á Akranesi.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**Efnin fundust við komu Skógafoss í Sundahöfn í fyrra.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Rannsókn á kókaínsmygli er strand

**SAKAMÁL** Enn er óupplýst eiturlyfjasmygl í Skógafossi í júní í fyrra þegar tollvörður fann tæp þrjú kíló af kókaíni í gámi í skipinu. Enn liggja allir skipverjar undir grun.

Í júní í fyrra fundust um þrjú kíló af hvítu efni í bakpoka í gámi þar sem rafvirkjar geyma verkfæri sín. Tollvörður sem fann efnin fór ekki eftir settum verklagsreglum en þegar efni sem þessi finnast á að kalla til lögreglu og tryggja vettvang svo rannsóknarhagsmunir spillist ekki. Það var hins vegar ekki gert og skipverjum gert kunnugt um leið að efni hefði fundist í skipinu áður en lögregla kom á vettvang.

Senda átti rannsóknargögn utan til frekari rannsóknar en ekkert hefur bólað á niðurstöðum úr þeim rannsóknum.

Ólafur William Hand, upplýsingafulltrúi Eimskipa, segir Skógafoss ekki af leiguskipum fyrirtækisins. Eimskip hafi ekki heyrt af málinu í nokkra mánuði. **– sa**

# Kröfum Reykjavíkur um afrétt Seltjarnarness var hafnað

**Afréttur Seltjarnarness til forna telst ekki hluti af borgarlandi Reykjavíkur, samkvæmt nýföllnum dómi héraðsdóms. Staðfest er álit Óbyggðanefndar. Bæjarstjóri Kópavogs segir dóminn mikilvægan og að hann staðfesti stærð Kópavogsbæjar. Með langtímahagsmuni að leiðarljósi skipti landið bæinn miklu máli.**

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur hafnað kröfum Reykjavíkurborgar um að afréttur Seltjarnarness til forna teljist hluti af borgarlandi Reykjavíkur. Kemst dómurinn þar með að sömu niðurstöðu og Óbyggðanefnd gerði árið 2014. Þá komst nefndin að því að afrétturinn væri innan staðarmarka Kópavogsbæjar.

Reykjavíkurborg krafðist þess til vara að aðeins hluti svæðisins yrði skipaður innan marka Reykjavíkurborgar og til þrautavara að enn minni hluti svæðisins yrði skipaður innan marka borgarinnar. Þeim kröfum var einnig hafnað. Þá var Reykjavíkurborg einnig gert að greiða málskostnað Kópavogsbæjar, rúmar tvær milljónir króna.

„Þessi dómur þýðir að stærð Kópavogsbæjar er staðfest í samræmi við niðurstöðu Óbyggðanefndarinnar sem þýðir að allt uppland frá Kópavogi og yfir í Ölfus er í lögsögu Kópavogs og er Kópavogur,“ segir Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogsbæjar. Enn fremur segir hann dóminn mikilvægan fyrir bæinn.

„Þegar kemur að landamerkjamálum sveitarfélaga er alltaf verið að hugsa til mjög langs tíma. Maður sér ekki annað fyrir sér en að byggðin komi að einhverju marki til með að þróast ofar. Ég tala nú ekki um það ef veður fer áfram hlýnandi,“ segir Ármann.

Þar fyrir utan segir hann dóminn staðfesta að bæði Bláfjallasvæðið og Þríhnúkar séu í landi Kópavogs. Með langtímahagsmuni að leiðarljósi skipti það miklu máli að sú skilgreining sé á hreinu og að bærinn sé eins stór og þarna sé staðfest.



**Þríhnúkagígar eru í landi Kópavogs.** MYND/BJÖRN GUÐMUNDSSON

**Með langtímahagsmuni að leiðarljósi skiptir þetta mjög miklu máli.**



Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs

„Svo er hitt að það skiptir líka miklu máli að útivistarsvæði og náttúruperlur eins og Þríhnúkar séu í landi Kópavogsbæjar,“ segir Ármann.

Umrætt svæði var úrskurðað þjóðlenda með dómi Hæstaréttar árið 2009. Þar af leiðandi er landsvæðið þjóðlenda og í eigu íslenska ríkisins þótt það sé innan marka Kópavogsbæjar. Það þýðir að Kópavogsbær fer með skipulagsvald á landinu og er það bæjarins að veita leyfi til nýtingar lands á svæðinu að undanskilinni nýtingu vatns, vindorku, námugraftar og jarðhita.

**thorgnyr@frettabladid.is**


Framúrskarandi hráefni - topp þjónusta - sanngjarnt verð



HAFIÐ
FISKVERSLUN

Hlíðasmára 8 | Skipholti 70 | Spönginni 13
Sími 554 7200 | facebook




The Power to Surprise

## Brunar fram úr öllum væntingum

Ný kynslóð Kia Sportage setur ný viðmið í hönnun, þægindum og öryggi. Búðu þig undir að venjast athyglinni, því Kia Sportage stenst ekki bara væntingar þínar — hann brunar fram úr þeim. Fyrsta flokks tæknibúnaður og einstök gæði gera hverja ferð ógleymanlega. Þú verður að prófa til að sannfærast.

**Ný kynslóð Kia Sportage bíður þín í Öskju. Komdu og reynsluaktu.**

**Nýr Kia Sportage á verði frá:**

2WD 1,7 dísil, beinskiptur — **4.690.777** kr.
4WD 2,0 dísil, beinskiptur — **5.490.777** kr.
4WD 2,0 dísil, sjálfskiptur — **5.990.777** kr.

ASKJA
**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

# Látinn sæta geð-rannsókn

**LÖGREGLUMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest gæsluvarðhaldsúrskurð yfir 19 ára dreng sem grunaður er um að hafa nauðgað tveimur stúlkum með nokkurra daga millibili. Fyrri nauðgunin á að hafa átt sér stað á Suðurnesjum í lok júlí en sú síðari á höfuðborgarsvæðinu í byrjun ágúst. Lögreglan á Suðurnesjum taldi ekki ástæðu til að fara fram á gæsluvarðhald yfir drengnum en eftir að síðara málið kom upp var ákveðið að fara fram á gæsluvarðhald yfir honum.

Af gæsluvarðhaldsúrskurðinum má sjá að stúlkurnar lýsa því báðar að hafa verið beittar hrottafengnu ofbeldi. Drengurinn er sagður hafa reynt að kyrkja þær báðar.

Í úrskurðinum kemur fram að drengurinn muni sæta geðrannsókn og að hann hafi samþykkt að gangast undir hana. **– ngy**



**Í gær staðfesti Hæstiréttur úrskurði um gæsluvarðhald í tveimur nauðgunarmálum.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Rannsókn nauðgunarmáls á lokametrum

**LÖGREGLUMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær úrskurð héraðsdóms um að íslenskur karlmaður sem grunaður er um nauðgun verði í gæsluvarðhaldi til 26. ágúst.

Maðurinn er grunaður um að hafa nauðgað konu og beitt hana hrottalegu ofbeldi á heimili hennar í lok júlí. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins á maðurinn meðal annars að hafa skorið í andlit konunnar. Maðurinn, sem er fæddur árið 1991, og konan þekktust.

Hann var handtekinn á heimili konunnar og var úrskurðaður í viku gæsluvarðhald en það svo framlengt um fjórar vikur.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni er rannsókn málsins á lokametrunum. **– ngy**

**»** **Gæsluvarðhald hefur verið framlengt yfir manni fæddum 1991 sem grunaður er um hrottalega árás og nauðgun.**

## Gleðipartí



**Dansari skemmtir gestum við skemmtanahald í sundlaug á Vatnagarðsdegi (eða *Water Park Day*, eins og dagurinn er nefndur á engilsaxnesku) hátíðarinnar Circuit Festival í gær. Um er að ræða hinsegin gleði sem fram fer utandyra í Vilassar de Mar nærri Barcelona á Spáni.** NORDICPHOTOS/AFP

# Leggja til breytingar til sátta á lagafrumvarpi um búvörulög

**Breytingar á búvörulögum verða kynntar í atvinnuveganefnd í dag. Jón Gunnarsson, formaður nefndarinnar, segir breytingarnar miða að því að sátt náist um málið. Katrín Júlíusdóttir, þingmaður Samfylkingar, telur hægt að klára þingið í þessum mánuði og boða til kosninga. Fundir eru til 2. september í starfsáætlun.**

**ALÞINGI** Nefndir Alþingis koma saman í dag eftir stutt sumarleyfi en næstu dagar fara í undirbúning undir þingfundi í næstu viku.

Jón Gunnarsson, formaður atvinnuveganefndar, segir að kynntar verði breytingar á búvörusamningunum á fundi nefndarinnar síðdegis.

„Unnið hefur verið að breytingum á málinu í allt sumar og við vonum að þær breytingar verði til þess að víðtækari sátt náist en þegar samningarnir voru undirritaðir í vor. Þær breytingar munum við kynna fyrir nefndarmönnum og vonandi náum við að afgreiða málið fljótt og örugglega úr nefndinni,“ segir Jón.

Nokkuð hefur verið deilt á nýgerða búvörusamninga en þeir þurfa að fá samþykki þingsins á þeim tíma sem eftir lifir fram að kosningum. Bæði hafa heyrst gagnrýnisraddir úr stjórnarandstöðunni og einnig hafa heyrst óánægjuraddir innan þingflokks sjálfstæðismanna.

**Við sáum það í byrjun sumars að þingið getur unnið hratt og örugglega ef vilji er fyrir því innan stjórnarflokkanna.**



Katrín Júlíusdóttir, þingmaður Samfylkingar

Þá er deilt um fleiri mál. Katrín Júlíusdóttir, fyrsti varaformaður umhverfis- og samgöngunefndar, undrast að samgönguáætlun skuli ekki verða rædd á fyrsta degi nefndarinnar.

„Þetta er ekki innihaldsrík fundardagskrá hjá okkur, það verður að segjast,“ segir hún. „Nú er svo komið að hið opinbera hefur ekki verið með gilda samgönguáætlun allt þetta kjörtímabil. Svo virðist sem formaður og varaformaður Sjálfstæðisflokksins séu ekki sammála um mikilvægi samgöngumála því drög að samgönguáætlun sem innanríkisráðherra hefur lagt fram hljóðar upp á mun hærri upphæðir en eru í fjármálaáætlun formanns flokksins,“ segir Katrín.

Ljóst er að ef ganga á til kosninga í lok október þarf að halda vel á spöðunum. Boðað hefur verið nýtt frumvarp sem draga á úr vægi verðtryggingar. Það frumvarp hefur ekki birst opinberlega og mun líklega verða mikið rætt í þinginu verði það lagt fram.

Katrín Júlíusdóttir segir þing þurfa að klárast í ágústmánuði og ef vilji sé fyrir því innan stjórnarflokkanna geti það auðveldlega gerst.

„Við sáum það í byrjun sumars að þingið getur unnið hratt og örugglega ef vilji er fyrir því innan stjórnarflokkanna. Því gætum við unnið fljótt í um þrjár vikur og klárað fyrir lok ágúst og boðað þá til kosninga,“ segir Katrín.

Birt var uppfærð starfsáætlun þingsins á vef Alþingis í gær, en í henni er gert ráð fyrir nefndafundum 10. til 12. ágúst og þingfundum frá 15. ágúst til 2. september.

**sveinn@frettabladid.is**

# Erdoğan og Pútín endurnýja tengslin

**RÚSSLAND** Vladimír Pútín Rússlandsforseti tók í gær í Pétursborg á móti Recep Tayyip Erdoğan Tyrklandsforseta. Pútín sagði fundinn merki um að þeir vilji endurnýja tengsl ríkjanna og bæta samskipti þeirra.

Þetta var í fyrsta sinn sem Pútín og Erdoğan hittust frá því tyrkneskir hermenn skutu niður rússneska herþotu við landamæri Tyrklands og Sýrlands í nóvember síðastliðnum. Eftir það versnuðu samskipti ríkjanna mjög.

**Þetta verður söguleg heimsókn, nýtt upphaf.**

Recep Tayyip Erdoğan, forseti Tyrklands

Í júní baðst Erdoğan hins vegar afsökunar á því sem gerðist.

Eftir valdaránstilraunina misheppnuðu í Tyrklandi fimmtánda júlí síðastliðinn varð Pútín svo fyrstur erlendra þjóðhöfðingja til að hringja í Erdoğan og lýsti þá yfir stuðningi við hann. Fundur Pútíns og Erdoğans í gær er jafnframt fyrsta opinbera heimsókn Tyrklandsforseta frá valdaránstilrauninni.

Á fundi þeirra í gær sagði Erdoğan þetta símtal hafa verið afar kærkomið.

„Þetta verður söguleg heimsókn, nýtt upphaf,“ sagði Erdoğan í viðtali við rússnesku fréttastofuna Tass fyrir fundinn í gær. **– gb**



**Pútín og Erdoğan takast í hendur í Pétursborg.** NORDICPHOTOS/AFP




**NÝTTU ÞÉR GLÆSILEG OPNUNARTILBOÐ PEUGEOT**

Nýr sýningarsalur Peugeot á Íslandi er að Bíldshöfða 8 í Reykjavík. Öll bílalína Peugeot er í boði hjá Brimborg með meiri búnaði en áður og á einstaklega hagstæðu verði. Peugeot bílar eru einnig í boði hjá Brimborg Akureyri, Tryggvabraut 5.
> Komdu í dag og nýttu þér glæsileg opnunartilboð.

**Lægra varahlutaverð og öflug verkstæðisþjónusta.** Brimborg hefur þegar hafið innflutning á varahlutum í Peugeot bíla og hefur náð að lækka varahlutaverð með hagstæðum innkaupum beint frá framleiðanda. Verkstæðisþjónusta og ábyrgðarviðgerðir fyrir alla Peugeot bíla, hvort sem þeir eru fluttir inn af Brimborg eða öðrum, er einnig í boði hjá Brimborg.

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

# Yfirverktaki rifti samningi vegna brota

**Hreiðar Hermannsson, eigandi Sandfells, segist ekki hafa haft nokkurn grun um brot undirverktaka síns á verkafólki sem reisti vinnubúðir á Bakka. Vinnumálastofnun getur kært fyrirtæki sem brjóta á verkafólki til lögreglu. Flest mál leysast með leiðréttingu á kjörum.**

**VINNUMARKAÐUR** Fyrirtækið Isdekora greiddi verkamönnum sem reistu vinnubúðir á Bakka norðan Húsavíkur tæplega sex hundruð króna tímakaup. Isdekora ehf. er í eigu Remigijus Norkus og starfaði sem verktaki fyrir Sandfell ehf. sem er í eigu Hreiðars Hermannssonar.

Fréttablaðið greindi frá áhyggjum verkalýðsfélagsins Framsýnar af kjörum verkafólks við framkvæmdir fyrir norðan, þá við Þeistareyki, seint í mars á þessu ári.

Þá greindi Aðalsteinn Á. Baldursson, formaður Framsýnar, frá því að félagið stæði í ströngu eftir að framkvæmdir hófust við Húsavík, um brot á kjörum verkafólks. Dæmi væru um hugmyndir um að greiða verkafólki tæpar sex hundruð krónur á tímann. Kjör á fimmta tug verkafólks við Þeistareyki voru leiðrétt með aðkomu verkalýðsfélagsins á síðasta ári.

Í tilfelli verkafólks sem vann hjá Isdekora sagði Aðalsteinn að umræddir starfsmenn ynnu 120-130% vinnu og væru þannig sviknir um hátt í þrjú hundruð þúsund krónur á mánuði. Morgunblaðið greindi fyrst frá kjörum verkafólks á Bakka í júlí á þessu ári.

Hreiðar Hermannsson, eigandi Sandfells, segist engan grun hafa haft um slæm kjör verkafólks hjá undirverktaka sínum. „Enginn frá þessum verktaka vinnur fyrir Sandfell í dag og um leið og þetta varð uppvíst var gengið í málið. Ég var algjörlega grunlaus,“ segir Hreiðar um málið og að um fimm starfsmenn hafi verið að ræða en á síðari stigum framkvæmda aðeins tvo.



Hreiðar Hermannsson, eigandi Sandfells, segist hafa rift samningum við undirverktaka sinn eftir að uppvíst varð um slæm kjör verkafólks hans. MYND/AÐSEND

Hann hafi áður reitt sig á sama verktaka og talið hann traustan. „Hann hefur unnið nokkrum sinnum fyrir mig og hann sagði mér að allt væri í toppstandi. Við komumst að því að þetta væri ekki í lagi og þar með var öllum samningum rift,“ segir Hreiðar og segir brot verktakans hafa verið áfall fyrir sig. „Yfirleitt er borgað yfir taxta og þegar það er greitt undir taxta þá er það algjörlega óásættanlegt,“ segir Hreiðar. „Það eru engin illindi í þessu, við þekktum hann ekki áður nema að góðu,“ ítrekar Hreiðar um riftun Sandfells á samningi við undirverktaka sinn.

> **Hann hefur unnið nokkrum sinnum fyrir mig og hann sagði mér að allt væri í toppstandi. Við komumst að því að þetta væri ekki í lagi og þar með var öllum samningum rift.**
>
> Hreiðar Hermannsson, eigandi Sandfells

kristjanabjorg@frettabladid.is

## Geta kært fyrirtæki sem brjóta á fólki til lögreglu

Í júlí áttu fulltrúar Framsýnar fund með fulltrúum Vinnumálastofnunar vegna mála sem tengjast uppbyggingu orkuiðnaðar við Húsavík. Fjöldi undirverktaka kemur að uppbyggingunni og síðan framkvæmdir hófust hafa komið upp nokkur brot sem tengjast launakjörum starfsmanna.

Vinnumálastofnun mun aðstoða Framsýn í þessum málum og Unnur Sverrisdóttir, aðstoðarforstjóri Vinnumálastofnunar, segir að í flestum tilfellum leysist málin með því að kjör verkafólks séu leiðrétt.

„Aðeins örfá mál hafa farið á borð lögreglu,“ segir Unnur. „Í flestum tilfellum getum við kært fyrirtæki sem brjóta á starfsfólki. Það eru hins vegar stéttarfélögin sem uppgötva brotin og því er þetta samvinnuverkefni. Félögin mætti kalla launalögreglu á vinnumarkaði,“ segir Unnur.





NÝR ISUZU D-MAX
VERÐ FRÁ 5.690.000 BEINSKIPTUR, 6 GÍRA

NÝTT MEIRI DRÁTTARGETA
3500KG

100 HISTORIC YEARS Founded 1916 ISUZU

ISUZU D-MAX ER EINN HAGKVÆMASTI OG STERKASTI PALLBÍLL SEM UM GETUR
EYÐSLA AÐEINS 7,4 l/100 km*

TILBOÐ
NÚNA FYLGIR ÖLLUM ISUZU D-MAX DRÁTTARBEISLI OG HEITKLÆÐNING Á PALLINN

*Miðað við eyðslutölur frá framleiðanda á beinskiptum bíl í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM74813

GE bílar, Reykjanesbæ, www.gebilar.is, 420 0400
Bílasalan Bílás, Akranesi, www.bilas.is, 431 2622
Bílasala Akureyrar, Akureyri, www.bilak.is, 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands, Egilsstöðum, www.bva.is, 470 5070
IB ehf., Selfossi, www.ib.is, 480 8080
BL söluumboð, Vestmannaeyjum, 481 1313, 862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

# Gerðu það – leyfðu honum að koma heim

**Ef þú skilar honum heilum með höldum verða engin eftirmál. Við lofum því.**

Með þverhöldum á hvorum enda
svo hægara sé að koma honum fyrir
án þess að innihald hans skemmist

Sérstaklega framleiddur
til að bera grænmeti
á milli staða

Hefur göt á hliðunum
svo að lofti betur um grænmetið



Kassinn er í eigu
íslenskra garðyrkjubænda og
misnotkun á honum varðar við lög

Kassinn var grænn
síðast þegar sást til hans

Kassinn er umhverfisvænn
og úr sterku endurvinnanlegu plasti
svo hægt sé að nota hann aftur og aftur

**Vinsamlega komdu kassanum í hendur dreifingaraðila eða hafðu beint samband við Sölufélag garðyrkjumanna í síma 570 8900.**

ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR

íslenskt grænmeti

islenskt.is

ÍSLENSKA SIA.IS SFG 58736 03/12



Grænlendingur virðir fyrir sér mannvirki við bandarísku herstöðina í Thule. NORDICPHOTOS/AFP

# Geislavirk efni undir bráðnandi ísnum

**Þegar íshellan yfir Grænlandi bráðnar kemur upp á yfirborðið geislavirkur úrgangur og búnaður sem Bandaríkjaher skildi eftir fyrir um hálfri öld. Camp Century herstöðin var yfirgefin 1967. Ný rannsókn sýnir að þetta gæti orðið að veruleika eftir 75 ár eða svo.**

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is



**GRÆNLAND** Skammt frá bandarísku Thule-herstöðinni á norðvestanverðu Grænlandi er önnur herstöð, sem hét Camp Century og var einnig bandarísk, en var yfirgefin árið 1967.

Bandaríkjamenn skildu þar eftir geislavirkan úrgang og búnað af ýmsu tagi, sem þeir héldu að myndi liggja þar grafinn í ísnum til eilífðarnóns, hættulaus með öllu.

Hlýnun jarðar gæti hins vegar orðið til þess að ísinn bráðnaði ofan af þessum úrgangi og geislamengaða búnaði í Camp Century herstöðinni.

Búast má við að þetta verði að veruleika eftir nokkurn tíma, líklega eftir um það bil 75 ár samkvæmt niðurstöðum rannsókna sem vísindamenn við York-háskóla í Kanada hafa birt.

Þarna í ísnum er geislavirkur úrgangur, kæliefni, olía og fleira af óumhverfisvænum efnum sem gætu eyðilagt út frá sér, bráðni ísinn ofan af.

Á vefsíðum kanadíska dagblaðsins The Humboldt Journal er rætt við William Colgan, sem stjórnaði rannsókninni. Hann segir að umhverfisáhrifin af þessu ættu reyndar ekki að verða mjög afgerandi. Hins vegar megi búast við því að pólitísk áhrif yrðu nokkur: „NATO-ríkin þurfa virkilega að sýna að þau hafi vel útfærðar áætlanir um lokanir þegar tekist er á við arfleifð yfirgefinna herstöðva,“ segir Colgan.

Vitneskjan um afdrif Camp Century herstöðvarinnar ætti að verða NATO hvatning til að leggja meiri vinnu í frágang yfirgefinna herstöðva á Grænlandi.

Herstöðin Camp Century var starfrækt á árunum 1959 til 1967, þegar kalda stríðið var í hámarki.

Þar var Bandaríkjaher með rannsóknarstöð þar sem rannsóknirnar beindust ekki síst að því hversu hentugt væri að geyma kjarnorkuvopn í ísnum.

Þarna störfuðu 200 manns í miklu kerfi ganga sem grafin höfðu verið niður í ísinn. Í göngunum voru vistarverur fólksins ásamt tilraunastöðvum og kjarnorkuofni sem knúði stöðina.

„Þegar þessu lauk lokaði herinn bara dyrunum og skildi allt eftir,“ segir Colgan í viðtalinu við Humboldt Journal. „Þeir tóku kjarnaofninn en skildu allt annað eftir. Byggingar, bifreiðar, birgðir, úrgang, allt saman. Þeir héldu að þetta myndi snjóa í kaf til eilífðar.“

## Thule-herstöðin

Bandaríkjamenn hafa rekið Thule-herstöðina á norðvestanverðu Grænlandi síðan 1943.

Árið 1951 var þar lagður flugvöllur, þar sem áður stóð þorpið Pituffik, en íbúar þess voru reknir burt með aðstoð danskra yfirvalda og sendir yfir í nýtt þorp, sem fékk nafnið Qaanaaq og var reist í 130 kílómetra fjarlægð frá fyrri heimkynnum fólksins.

Árið 1968 hrapaði bandarísk sprengjuflugvél nálægt Thule-herstöðinni. Um borð voru fjórar vetnissprengjur. Töluverð geislamengun varð á svæðinu þótt sprengjurnar hafi ekki sprungið. Bandaríkjamenn og Danir unnu saman að því að hreinsa svæðið eftir því sem hægt var. Enn þykir nokkur hætta steðja þar að fólki.

> **Þegar þessu lauk lokaði herinn bara dyrunum og skildi allt eftir.**
>
> William Colgan, prófessor í jöklamælingum við York-háskólann í Kanada






# Óttast að stjórnvöld geti lítið hjálpað

**EFNAHAGSMÁL** Möguleiki valdhafa til að örva hagvöxt fer ört minnkandi, og bæði seðlabankar og ríkisstjórnir um allan heim hafa sífellt færri tól til þess að auka hagvöxt, samkvæmt nýrri rannsókn frá sérfræðingum greiningardeildar Barclays banka.

Í minnisblaði Barclays, *Diminishing policy power*, færir sérfræðingurinn Christian Keller rök fyrir því að seðlabankar og ríkisstjórnir hafi sífellt færri möguleika á að laga hlutina eftir hefðbundnum leiðum, svo sem með því að beita peningamálastefnu, þegar efnahagskerfi heimsins standa frammi fyrir skaðlegu áfalli.

Frá fjármálakreppunni 2008 hafa seðlabankar víðsvegar um heiminn notast við peningamálastefnu sem hefur ekki sést áður, lækkað stýrivexti og notað peningalega slökun (e. *quantitative easing*) til að reyna að takast á við verðbólgu og auka hagvöxt.

Sérfræðingar Bank of America Merrill Lynch bentu á föstudag á að þá höfðu seðlabankar heimsins lækkað stýrivexti 666 sinnum frá falli Lehman Brothers árið 2008. Nú síðast þegar Englandsbanki lækkaði stýrivexti sína niður í 0,25 prósent.

Allar þessar ákvarðanir eru ekki sagðar hafa skilað tilskildum áhrifum í efnahagslífi þjóðanna. Vöxtur er lítill í alþjóðahagkerfinu, sér í lagi innan evrusvæðisins, þar sem stýrivextir eru neikvæðir og mikið hefur verið um skuldabréfakaup.

Sérfræðingar greiningardeildar Barclays telja að það sé einfaldlega ekki mikið meira sem Evrópubankinn geti gert til að örva hagvöxt. – sg



Í minnisblaðinu segir að vöxtur sé lítill í alþjóðahagkerfinu, sér í lagi innan evrusvæðisins, þrátt fyrir aðgerðir stjórnvalda. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

> **666**
> **sinnum hafa stýrivextir verið lækkaðir í heiminum frá falli Lehman Brothers 2008.**

# CITROËN C1 ELSKAR ÍSLENSKAR SUMARNÆTUR

CITROËN




## LÁGT VERÐ



5 DYRA FRÁ EINUNGIS **1.859.000** KR.
Veglegur staðalbúnaður: LED ljós í framstuðara, spólvörn, stöðugleikastýring, loftkæling, brekkuaðstoð sem heldur við þegar tekið er af stað í halla og margt fleira.

## SÍTENGDUR



FLOTTUR 7" SNERTISKJÁR
Innanrýmið er sérstaklega notendavænt með ýmsum snjöllum lausnum. Í Feel og Shine útfærslunum er glæsilegur 7" snertiskjár með Bluetooth tengingu.

## SPARNEYTINN



LÁGUR REKSTRARKOSTNAÐUR
Sparneytnar og áreiðanlegar bensínvélar sem skila í senn snörpum og þægilegum akstri. C1 fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur í 90 mín. í senn.

**Komdu í reynsluakstur**

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*




Símar 662 7222 og 578 6262
Vefverslun: vonogbjargir.is
Viltu gefa kompudót, fatnað, bækur og fleira? ...við sækjum.
Höfum kaupendur að heilum búslóðum og lagerum.




OPIÐ HÚS
miðvikudaginn 10.ágúst kl: 17:30 til 18:00

Miklaborg kynnir

Fallega, vel skipulagða og mikið endurnýjaða íbúð á 3ju hæð í góðu húsi við Bogahlíð 20.
4ra herbergja
116,5 fm
Sérmerkt bílastæði
Aðeins ein íbúð á hverjum stigapalli

Verð: 46,9 millj.

Nánari upplýsingar veitir
Gunnar S. Jónsson
löggiltur fasteignasali
sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -









Donald Trump, forsetaefni Repúblikanaflokksins í Bandaríkjunum, í ræðustól á mánudag. NORDICPHOTOS/AFP

# Segja Trump fáfróðan og hættulegan

**Áhrifamiklir repúblikanar hafa síðustu dagana hver á fætur öðrum gagnrýnt framferði Donalds Trump, forsetaefnis flokksins. Trump svarar því til að gagnrýnendurnir séu í misheppnaðri valdaklíku innan flokksins.**

**BANDARÍKIN** Í gær birtu fimmtíu lykilmenn innan Repúblikanaflokksins, allir sérfróðir í öryggismálum, opið bréf þar sem þeir segja að Trump yrði öryggi Bandaríkjanna hættulegur, kæmist hann í forsetaembættið. Hann skorti bæði þann persónuleika, það gildismat og þá reynslu sem þarf til að gegna æðsta embætti þjóðarinnar.

„Ólíkt fyrri forsetum, sem hafa haft takmarkaða reynslu af utanríkismálum, þá hefur Trump ekki sýnt neinn áhuga á að afla sér þekkingar,“ segir í bréfinu.

„Hann heldur áfram að sýna skelfilega fáfræði hvað varðar grundvallarstaðreyndir alþjóðastjórnmála í samtímanum.“

Trump svarar því til að þessi hópur manna tilheyri „misheppnaðri elítu“ sem vilji vinna allt til að halda völdum í Washington.

Í gær sagðist Susan Collins, sem er öldungadeildarþingmaður repúblikana frá Maine, að hún muni alls ekki kjósa Trump í forsetakosningunum í nóvember. Hann muni gera heiminn enn hættulegri en hann þó sé nú þegar, auk þess sem hann grafi undan Repúblikanaflokknum.

> **Hann heldur áfram að sýna skelfilega fáfræði hvað varðar grundvallarstaðreyndir alþjóðastjórnmála í samtímanum.**
>
> Úr opnu bréfi frá fimmtíu repúblikönum

Í lok síðustu viku sendi Repúblikanaklúbburinn í Harvard, sem er elsti og einn virtasti klúbbur stuðningsmanna flokksins, frá sér yfirlýsingu um að félagar hans treysti sér ekki í fyrsta sinn frá stofnun hans árið 1888 til þess að greiða forsetaefni flokksins atkvæði sitt.

Þá birti bandaríska dagblaðið The New York Times í gær frétt um að mormónar, sem búa flestir í Utah og nágrannaríkjum þess, séu flestir afar ósáttir við Trump. Þar með sé vel mögulegt að Clinton sigri í Utah og jafnvel einnig í nágrannaríkjunum Arizona, Idaho og Nevada, þótt repúblikanar hafi lengi átt sigur nánast vísan á þessum slóðum.

Á mánudaginn hélt Trump ræðu þar sem hann gerði grein fyrir stefnu sinni í efnahagsmálum. Þar kom einkum fram að hann styður í meginatriðum skattalækkunarstefnu repúblikana, en er ósáttur við ýmsa fríverslunarsamninga við önnur ríki.

Mótframbjóðandinn Hillary Clinton var fljót að bregðast við. Hún segir efnahagsstefnu Trumps einkum gagnast honum sjálfum og auðugum vinum hans.

**gudsteinn@frettabladid.is**

# Útflutningur frá Kína dregst saman á ný

**VIÐSKIPTI** Útflutningur frá Kína dróst saman um 4,4 prósent í júlímánuði, samanborið við árið áður. Útflutningur hefur dregist saman á tólf af síðustu þrettán mánuðum.

Samdrátturinn var minni en í júní þegar hann mældist 4,8 prósent, en var samt sem áður meiri en greiningaraðilar höfðu gert ráð fyrir. Innflutningur til Kína var einnig minni en búist var við og dróst saman um 12,5 prósent milli ára.

Þessar tölur valda greiningaraðilum áhyggjum í ljósi þess að Kína er einn stærsti viðskiptamarkaður heims. Talið er að óvissa sem ríki um allan heim, vegna lágs hrávöruverðs, skuldakreppunnar í Evrópu og útgöngu Breta úr Evrópusambandinu, hafi lamandi áhrif á alþjóðahagkerfi.



Xi Jinping, forseti Kína, hefur ástæðu til að vera áhyggjufullur yfir efnahagsástandinu í landinu, en útflutningur frá Kína dregst enn saman. NORDICPHOTOS/AFP

Sérfræðingar búast við daufum viðskiptum næstkomandi mánuði, nýjustu tölur gefa í skyn að aðgerðir í Peking til að ýta undir vöxt í hagkerfinu hafi ekki skilað sér.

Verg landsframleiðsla í Kína jókst um einungis 6,7 prósent á öðrum ársfjórðungi 2016, sem er minna en áður hefur tíðkast í landinu. **– sg**




VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Á NÝJUM BMW X1

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Stolið – skilað



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það er samþykkt í íslensku samfélagi að það sé glæpur að stela. Að það sé ekki ásættanlegt að taka eigur eða fjármuni annarra og stinga í eigin vasa. Það er líka sýn Íslendinga á samfélag sitt að þeim sem stela beri að refsa með viðeigandi hætti, samfélaginu til varnaðar og brotamanninum til betrunar. Þannig er til að mynda hæpið að samfélagið sætti sig við að einhver tæki upp á því að taka flottan og fínan bíl ófrjálsri hendi, nota sem einkabíl, en skila honum svo eftir að upp kæmist. Bíllinn er verðmætur og kostar sitt.

Allt kostar vinnu. Grunnurinn að því sem við eignumst og nýtum okkur og fjölskyldu okkar til framfærslu er vinnuframlag okkar, óháð eðli þess starfs sem við höfum valið okkur eða staðið hefur til boða. Það er jafnframt samþykkt í íslensku samfélagi að við eigum lagalegan rétt á ákveðnum lágmarkslaunum sem eiga að duga til mannsæmandi framfærslu. Upphæðin sem lágmarksframfærsla þarf að vera er umdeilanleg, en þörfin fyrir að samfélagið komi sér saman um slíkt viðmið er það ekki. Markmiðið er að vernda launþega í lægsta þrepinu og um leið koma á eðlilegu samkeppnisumhverfi. Þetta er hlutverk og hagur stjórnvalda, atvinnurekenda og verkalýðsfélaga.

Í Fréttablaðinu í dag greinir Kristjana Guðbrandsdóttir, sem leitt hefur umfjöllun um málefnið, frá enn einum launasvikunum á íslenskum vinnumarkaði. Fyrirtækið Isdekora greiddi verkamönnum, sem reistu vinnubúðir á Bakka norðan Húsavíkur, tæpar sex hundruð krónur í tímakaup. Isdekora ehf. er í eigu Remigijus Norkus og starfaði sem verktaki fyrir Sandfell ehf. sem er í eigu Hreiðars Hermannssonar. Hreiðar segist hafa verið grunlaus um launasvik viðkomandi undirverktaka sem séu auðvitað með öllu óásættanleg, en segir þó að það séu engin illindi í málinu enda hafi Sandfell ekki þekkt viðkomandi áður nema að góðu.

Ekkert af þessu kemur á óvart. Því miður eru launasvik af þessu tagi greinilega að nálgast það að vera daglegt brauð á íslenskum vinnumarkaði. Eða að minnsta kosti svo tíð að verkalýðsfélög og Vinnumálastofnun hafa vart undan. En það sem kemur sárgrætilega á óvart er að meirihluti mála sé leystur með leiðréttingu launa og aðeins örfá brot rati inn á borð lögreglu. Það er greinilega enn sem fyrr ekki sama Jón og séra Jón á Íslandi.

Kannski liggur rót vandans í því að þarna er enginn íslenskur Jón sem er verið að ræna heldur erlendir verkamenn. Einstaklingar sem njóta takmarkaðrar verndar verkalýðsfélaga, tala enga íslensku og oft litla sem enga ensku og þannig mætti telja fleiri þætti sem gera launasvikurum hægara um vik en verndina snúna. Í því hlýtur að felast að það sé enn mikilvægara fyrir okkur en ella sem samfélag að sækja viðkomandi brotamenn til saka. Með því aukum við fælingarmáttinn, drögum úr almennu tjóni samfélagsins sem er einnig svikið um sinn hluta og síðast en ekki síst bætum við vernd þolenda. Það eitt er víst að við verðum að stöðva þetta „stolið – skilað“ á íslenskum vinnumarkaði og það strax.

**En það sem kemur sárgrætilega á óvart er að meirihluti mála sé leystur með leiðréttingu launa og aðeins örfá brot rati inn á borð lögreglu.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Strembið haust í uppsiglingu**
Fastanefndir þingsins setjast á rökstóla í dag og fara yfir þau mál sem þarf að klára áður en boðað er til kosninga. Kjósa á eftir tvo og hálfan mánuð, segja ólygnir. Aðalatriðið er að stjórnarandstaðan sé stillt og prúð og verði ekki í vegi þeirra sem stjórna; þá er hægt að boða til kosninga. Hins vegar er það svo að stjórnarflokkarnir eru eins ósammála og hugsast getur um óframkomið frumvarp um vægi verðtryggingar. Og meira að segja er ósætti innan þingflokks Framsóknar um frumvarpsdrögin. Er nema von að menn klóri sér í kollinum.

**Pirraðir Píratar**
Kastast hefur í kekki milli Pírata og Össurar Skarphéðinssonar undanfarna sólarhringa. Össur hefur keppst við að mæra Pírata síðustu mánuði en svo virðist sem stefnubreyting hafi orðið. Össur kastaði fram ákveðinni pillu þess efnis í útvarpsþætti á Bylgjunni að enginn munur væri á Samfylkingu og Pírötum. Virðist þessi litla setning hafa farið þversum ofan í Pírata sem vilja sko ekki láta spyrða sig við kratana. Hins vegar kemur í ljós með þessari litlu pílu hvað Píratar eru í raun brothættir. Því er líklegt að þetta bragð Össurar hafi verið þaulskipulagt. Verður áhugavert að fylgjast með atinu fram að kosningum.

sveinn@frettabladid.is

# Hvernig eyja getur verið áttavillt



Kári Stefánsson
forstjóri Decode

Það er í sjálfu sér óeðlilegt að reikna með því þegar tveir menn skrifa um sama efni að út úr því komi ekki tvenns konar texti og fleiri en einn skilningur. Það er hins vegar alltaf svolítið erfitt fyrir þann sem skrifar þegar menn lesa út úr textanum hans eitthvað allt annað en hann ætlaði að segja. Það er þó oftast á ábyrgð þess sem skrifar þótt það sé að öllum líkindum ekki alltaf. Til dæmis er ekki líklegt að það sé á mína ábyrgð þegar skríbent Eyjunnar les grein mína í Fréttablaðinu í morgun sem sérstaka árás á vinstrimenn vegna þess að hún er það alls ekki.

**Gagnrýni**
Greinin er gagnrýni á það hvernig íslenskir stjórnmálamenn hafa farið með velferðarkerfið þegar þeir hafa sest á valdastóla, án tillits til þess úr hvaða flokki þeir hafa komið, vinstrimenn þrátt fyrir yfirlýsta trú sína á mikilvægi velferðarkerfisins og hægrimenn þrátt fyrir að þeir hafi verið sparari á slíkar yfirlýsingar.

Aðferðirnar tvær sem Eyjan notar til þess að telja lesendum sínum trú um að greinin mín sé sérstök árás á vinstrimenn er annars vegar að birta orðrétta kapítula úr samhengi þar sem hallar á vinstrimenn en sleppa því sem sagt er um þá sem eru hægra megin við þá og hins vegar með fyrirsögn sem lítur svona út: Kári fer mikinn og gagnrýnir vinstrimenn harðlega: „Vitagagnslaust drasl.“

**Lágkúra**
Þarna gefur Björn Ingi það í skyn að ég hafi sagt að vinstrimenn væru vitagagnslaust drasl þegar staðreyndin er sú að ég sagði að pólitískar hugmyndafræðir væru vitagagnslaust drasl þeim sem setjast í valdastóla. Með fyrirsögninni er hann bókstaflega að ljúga upp á mig. Það hlýtur að teljast lágkúrulegt.

**Með fyrirsögninni er hann bókstaflega að ljúga upp á mig.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Gyða Lóa Ólafsdóttir *gydaloa@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Engar uppfinningar bara innleiðing!



**Guðmundur Haukur Sigurðarson**
framvæmdastjóri Vistorku ehf.

Jæja! Nú eru góðir sex mánuðir liðnir síðan fjöldi leiðtoga heimsins skrifaði undir Loftslagssamkomulagið í París. Umhverfisráðherra Íslands var þar á meðal.

Við undirritunina skuldbatt ríkisstjórn Íslands sig til að vinna að því að ná markmiðum samkomulagsins. Fyrstu aðgerðir hennar eru þegar farnar að líta dagsins ljós en nýlega var auglýst verkefnið „rafbílar – átak í innviðum“ þar sem veittir verða styrkir að upphæð allt að 201 milljón á næstu þremur árum. Styrkirnir geta hæst numið 50% af áætluðum kostnaði við verkefnið þannig að vonandi sjáum við yfir 400 milljóna króna uppbyggingu innviða fyrir rafbíla á næstu þremur árum.

Fleiri en ríkið hafa skuldbundið sig. 103 fyrirtæki skrifuðu undir svokallaða loftslagsyfirlýsingu FESTU og Reykjavíkurborgar. Stofnanir ríkisins, þessi 103 fyrirtæki, og vonandi miklu fleiri eru væntanlega þegar búin eða munu á næstunni setja fram og kynna markmið sín og aðgerðir.

Mörg félaganna á lista FESTA eru með starfsemi á Akureyri og ríkið rekur fjölmargar stofnanir á Akureyri, eins og skóla, heilbrigðisstofnanir, Vegagerðina og lögregluna. Öll þessi félög og stofnanir eru mikilvægir þátttakendur í markmiðum Akureyrarbæjar um að verða kolefnishlutlaust bæjarfélag á næstu árum

Á undanförnum árum hefur bærinn farið í fjölmörg verkefni sem færir hann nær markmiði sínu, svo sem frítt í strætó og framleiðslu á moltu og metani. En hver ættu að vera næstu skref hjá bæjarfélaginu? Eigum við að feta í fótspor t.d. San Francisco, sem hefur bannað frauðplastsumbúðir, eða Noregs og Hollands, sem stefna á að frá og með árinu 2025 verði bannað að flytja þangað inn bíla sem brenna jarðefnaeldsneyti? Margir fleiri eru með alvöru aðgerðir í gangi, t.d. stefnir bandaríski sjóherinn á að búið verði að skipta 50% af notkun hans á jarðefnaeldsneyti út fyrir aðra orkugjafa árið 2020. Margar borgir í Evrópu ætla sér að banna alla bílaumferð í miðbæjum sínum. Ljubljana, höfuðborg Slóveníu, steig þetta skref fyrir nokkrum árum og hefur það gjörbreytt borginni og lífinu í miðbænum, sérstaklega hvað varðar hávaða og loftmengun. Borgin var m.a. vegna þessa valin „Green Capital 2016“. Sumir eru líka löngu búnir að gera eitthvað, eins og smábærinn Modbury á Englandi sem bannaði notkun á plastpokum fyrir tíu árum.

Eins og okkur hefur tekist vel upp hingað til, með mikilli þátttöku íbúa í flokkun á lífrænu sorpi og stóraukinni notkun á strætó, þá gildir það sama nú að allir þurfa að koma með og taka þátt. Sérstaklega þurfa fyrirtækin og aðilar eins og matvöruverslanir, matvælaframleiðendur, veitingahús, rútufyrirtæki, bílaleigur, hótel o.fl. að setja sér skýr markmið og skilgreina aðgerðir ef þetta á að verða að veruleika. Hvað ætla þau að gera fyrir árið 2020 og hvað fyrir 2025 og 2030?

**Hvað ætla þau að gera fyrir árið 2020 og hvað fyrir 2025 og 2030?**

Það þarf engar dýrar og flóknar aðgerðir enda er nú þegar búið að fjárfesta í framleiðslueiningunum (Molta, Orkey, Metan) og innviðunum (hleðslustöðvar, endurvinnslustöðvar, græna trektin, græna karfan). Þetta er allt komið upp, nú er bara einföld og ódýr innleiðing eftir:

- kaupa rafmagns- og/eða metanbíla (þegar bílar eru endurnýjaðir)
- bjóða starfsmönnum upp á samgöngustyrk eða aðgang að rafmagnshjóli
- flokka allt lífrænt sorp og skila í Moltu
- hirða alla notaða matarolíu og fitu og skila í Orkey
- flokka allan úrgang eins og plast, pappa og málma
- kolefnisjafna flugferðir með skógrækt

# Kirkjan er griðastaður



**Gunnar Kvaran**
sellóleikari

Atburðirnir í Laugarneskirkju í lok júní hafa vakið mig til djúprar umhugsunar. Ekki einungis um mál flóttamanna og hælisleitenda heldur um þann kærleika, mannúð og mildi sem boðskapur Krists stendur fyrir. Við stöndum andspænis miklum andlegum áskorunum í okkar heimi. Við hljótum að spyrja okkur sjálf áleitinna spurninga um framtíð okkar hér á þessari jörð. Höfum við fylgt því, sem ég kýs að kalla guðsneistann í sálum okkar, eða höfum við í of miklum mæli geyst áfram í allt að því örvæntingarfullri leit okkar að hamingju í jarðnesku góssi, völdum og viðurkenningu. Gefum við okkur tíma til að staldra við og íhuga það, sem við djúpt í hjörtum okkar vitum að getur leiðbeint okkur til réttrar breytni gagnvart lífinu og þar með náunga okkar.

Við, sem erum svo heppin að vera Íslendingar í dag með öllum þeim forréttindum sem því fylgja, eigum vafalaust erfitt með að ímynda okkur þann ótta, öryggisleysi og þjáningar, sem fylgja því að vera flóttamaður og síðar hælisleitandi, þótt þessi tvö orð tákni í mínum huga það sama.

Flóttamaður leitar óhjákvæmilega hælis einhvers staðar í örvæntingu sinni. Ég get meira að segja reynt að ímynda mér að manneskja í stöðu flóttamanns, geti gengið mjög langt til að reyna að tryggja líf sitt og limi. Það ofbeldi sem við sífellt verðum vitni að, bæði úti í hinum stóra heimi og hérlendis, hlýtur að segja okkur þá sögu, að við mennirnir höfum ekki ástundað það lífsform, sem leiðir til meiri mannúðar, góðleika, friðar og fegurðar. Í mínum huga er ofbeldi, andlegt eða líkamlegt, oftsinnis hróp örvæntingarfullra sálna vegna vöntunar á umhyggju, kærleika og hlýju, eða hreinlega vegna alvarlegra geðraskana. Enginn maður er í eðli sínu vondur og illar gjörðir valda mörgum hræðilegum þjáningum, en það er djúpt á guðsneistanum í sumum sálum.

**Sé kirkjan í fararbroddi í þeim efnum, er hún að fylgja þeim boðskap sem hún boðar.**

Að sjálfsögðu verðum við í lýðræðisþjóðfélögum að hafa ákveðin lög og reglur til að fylgja, en líka til að lagfæra og bæta, því að breytingarnar í tæknilegum heimi eru gífurlega hraðar. Tækniundur koma ekki í staðinn fyrir mannúð, mildi og góðleika, heldur þarf tæknin að aðlagast hinum góðu gildum. Vegna þess máls sem ég tæpti á í upphafi greinarkorns míns, þar sem tveir hælisleitendur voru handteknir í Laugarneskirkju og vísað úr landi, hefur athygli mín beinst að hlutverki kirkjunnar. Hlutverk hennar er framar öllu að hlúa að meiri mannúð, skilningi, samúð og gæsku.

Sé kirkjan í fararbroddi í þeim efnum, er hún að fylgja þeim boðskap sem hún boðar.

SIMPLY CLEVER
ŠKODA




**Þú kemst lengra en borgar minna**

**ŠKODA Octavia G-TEC** sameinar kosti metans og bensíns; þú nýtir íslenska orku og lækkar eldsneytiskostnað um allt að 35%. Með metantank og 50 lítra bensíntank kemstu ótrúlega langt án þess að fylla á og svo færðu líka frítt í stæði. Komdu og reynsluaktu **ŠKODA Octavia G-TEC.**



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

www.skoda.is

# Tromp teflonhúðaða stjórnmálamannsins



Ásta Guðrún Helgadóttir
alþingismaður Pírata

**Íslendingar muna betur og ef það er eitt sem er víst, þá er það að þessi formaður Framsóknarflokksins er ekki fórnarlambið í þessari tragedíu.**

Það eru hátt í 50 mál sem bíða afgreiðslu í þinginu á næsta haustþingi.

Sum eru smávægileg og sátt ríkir um þau, önnur eru EES-innleiðingar sem við höfum ekki mikið um að segja á þessu stigi. Enn önnur eru kerfisbreytingar af þeirri stærðargráðu sem eitt stutt haustþing hefur varla umboð til þess að trukka í gegn.

Ég held að flestir muni vel af hverju það var boðað til kosninga í haust, þegar boðað var til stjórnarskipta nú í vor á einum einkennilegasta blaðamannafundi sem Ísland hefur upplifað. Óreiðan einkenndi þessi stjórnarskipti – svo mikið er víst, og ekki nema von. Nú er formaður Framsóknarflokksins að draga í land með þetta – skilur ekkert í því af hverju Sjálfstæðisflokkurinn vilji boða til kosninga í haust. Eflaust skilur hann heldur ekki af hverju hans eigin samflokksmaður og núverandi forsætisráðherra hefur hug á að boða til kosninga í haust – sem hefur svo oft verið lofað og boðað og rætt.

Það sjá líka allir hvaða tromp stjórnin ætlar að draga fram úr erminni:

Við þurfum að koma mikilvægum málum í gegn. Mikilvæg málin eru allt milli himins og jarðar – endurskoðun á námslánakerfinu og almannatryggingakerfinu, búvörulög og breytingar á dómstólum. Dagarnir sem við erum með til þess að fjalla um þessi fimmtíu mál eru fjórtán talsins. Já, ég held að allir átti sig á þessu lélega trompi sem einhverjir stjórnarþingmenn halda að verði hægt að beita: Að þeir náðu ekki að koma öllum málunum sínum í gegn vegna þess að stjórnarandstaðan var svo erfið viðureignar. Nei, tímaleysið er ekki stjórnarandstöðunni að kenna, okkar nöfn voru ekki í Panamalekanum.

Þannig er mál með vexti að umboð ríkisstjórnar Íslands er á þrotum. Það er kýrskýrt af hverju það var boðað til kosninga núna í haust – öll heimsbyggðin fylgdist með. Það er hægt að reyna að skrifa söguna upp á nýtt, eins og fyrrverandi forsætisráðherra er að reyna að gera, en Google veit betur. Íslendingar muna betur og ef það er eitt sem er víst, þá er það að þessi formaður Framsóknarflokksins er ekki fórnarlambið í þessari tragedíu.

Eitt skal vera á hreinu og það er að tímasetja þarf kjördag um leið og þing kemur aftur saman. Íslendingar eru orðnir leiðir á því að sjá svikula stjórnmálamenn ítrekað komast upp með taka aldrei ábyrgð á sínum gjörðum. Teflonhúðaði stjórnmálamaðurinn á að heyra söguna til.

# Hvernig innleiðum við nýja stjórnarskrá á Íslandi?



Heimir Örn Hólmarsson
frambjóðandi í prófkjöri Pírata á höfuðborgarsvæðinu

Eitt af stefnumálum Pírata, sem ég er innilega sammála, er innleiðing nýrrar stjórnarskrár enda kominn tími til að bráðabirgða stjórnarskráin sem innleidd var árið 1944 verði endurnýjuð. Slík framkvæmd í þjóðfélagi okkar gæti orðið mikið hitamál. Sumir andstæðingar segja að þetta sé ekki hægt og aðrir sem eru fylgjandi málinu segja að þetta sé ekkert mál og að eftir setningu næsta þings yrði ný stjórnarskrá samþykkt, síðan yrði þing rofið og kosið til þess næsta.

Hvernig tökum við tillit til þessara andstæðu póla og innleiðum nýja stjórnarskrá í stjórnkerfi íslensks samfélags á faglegan máta?

Ég hef starfað í fluggeiranum í rúm 10 ár og hef kynnst því tæknilega og lagalega flókna umhverfi sem er í kringum hann. Ég get ímyndað mér að hægt sé yfirfæra þá reynslu sem ég hef öðlast þar yfir í landslögin og íslenskt stjórnsýsluumhverfi því ég sé mikil líkindi með þessum tveimur heimum.

Í flugheiminum er mikið verið að breyta lögum og stöðugt verið aðlaga flugumhverfið að tækniþróun samtímans. Við lagasetningu er oft gefinn ákveðinn aðlögunartími fyrir flugfélög, flugvelli, flugumferðarstjórn og fleiri hagsmunaaðila. Þessi aðlögunartími getur verið stuttur og svo alveg upp í mörg ár. Mögulega þurfa að vera sambærileg vinnubrögð við innleiðingu nýrrar stjórnarskrár á Íslandi eins og þekkist við innleiðingu löggjafar í fluggeiranum. Mögulega þarf að vera einhvers konar aðlögunartími fyrir ríkisstofnanir, atvinnulífið og samfélagið í heild við innleiðingu á stjórnarskránni.

Þrátt fyrir að það sé ekki augljóst að innleiðing á nýrri stjórnarskrá geti haft miklar breytingar á ferli og kerfi samfélagsins þá tel ég það vera skyldu stjórnvalda, sama hverjir eru í stjórn, að gera svona víðtækar breytingar á sem skynsamlegastan hátt heildinni í hag. Það sem þarf að gera við innleiðingu nýrrar stjórnarskrár er að meta þá áhættuþætti sem geta komið upp við innleiðingu hennar og bregðast við ef á þarf að halda. Til dæmis gæti þurft að breyta mörgum tölvukerfum í landinu, án þess að ég viti það í dag, eða að það þyrfti að búa til regluverk utan um framkvæmd ákveðinna mála sem eru frekar almenn í nýju stjórnarskránni.

Að mínu mati þarf að fara yfir hvern kafla nýju stjórnarskrárinnar og gera þær greiningar sem þekkjast í almennum stjórnunarfræðum í dag. Að vinna þessa vinnu getur tekið tíma en yrði aldrei lengur en eitt kjörtímabil. Ég myndi vilja að stofna yrði sérstakan vinnuhóp fyrir þessa vinnu og að opið og gagnsætt umsóknarferli færi af stað við að ráða fólk í þennan hóp. Hópurinn hefði tiltekinn tíma og markmið fyrir hvern kafla fyrir sig og heildartími yfirferðarinnar væri skilgreindur. Vinnuhópurinn myndi skila af sér viðbragðsáætlun eftir hvern kafla sem hægt væri að vinna úr um leið og hópurinn skilaði áætluninni af sér.

**Hvernig tökum við tillit til þessara andstæðu póla og innleiðum nýja stjórnarskrá inn í stjórnkerfi íslensks samfélags á faglegan máta?**

Eftir þessa yfirferð yrði alveg ljóst hvað þyrfti að gera til að innleiða þessa nýju stjórnarskrá og vonandi þyrfti að breyta sem minnstu í þjóðfélaginu.

Eigum við ekki að gera þetta skynsamlega? Verum vel undirbúin ef þörf krefur í stað þess að gera hlutina ómarkvissa í upphafi og þurfa svo að bregðast við eftir á. Innleiðum nýja stjórnarskrá á vel skipulagðan og ígrundaðan hátt til að sem flestir geti verið sáttir við nýja stjórnarskrá íslenska lýðveldisins.

Píratar standa fyrir gagnrýna hugsun og vel upplýstar ákvarðanir en það eru einmitt þau gildi sem ég hef tileinkað mér á vinnumarkaði. Verklagið sem hér hefur verið útlistað er lýsandi dæmi fyrir starfsaðferðir mínar og mun ég viðhalda þeim í starfi þingmanns Pírata, fái ég umboð Pírata til þess.

# Píratar, fiskur og siðferði!





Finnur Þ. Gunnþórsson
M.Sc. í stjórnun og markaðsfræði og fyrrv. formaður framkvæmdaráðs Pírata

Ólafur Jónsson
skipstjóri og reynslubolti úr sjávarútvegi

Þegar ættbálkurinn er lítill eins og hjá veiðisöfnurum í fyrndinni er auðvelt að skilja að heilsa eins hefur áhrif á alla, velferð eins er velferð heildarinnar. Samkenndin borgar sig. Jafnvel dýrin sýna samkennd. Simpansar láta heyra í sér þegar þeim finnst rangt haft við í viðskiptum, vegna þess að það að hafa fleiri ánægða og í samlyndi tryggir árangur heildarinnar. Þessi viska sem er innbyggð í náttúruna er ekki eitthvað sem má gleymast. Samvinna er forsenda árangurs. Hetjan er sprottin af foreldrum sínum, hefur notið þjálfunar og stuðnings og á sér sinn hóp. Án hópsins er ekkert að berjast fyrir; engin háleit markmið eða faðmur að snúa til.

Hvað varðar okkar helstu auðlind – sjávarútveginn, þá vilja Píratar halda utan um ákveðna þætti, meðal annars:

Tryggja þarf nýliðun í fiskiðnaði.

Allar veiðiheimildir verða að fara á markað og allur fiskur líka. Þá er opnað á jafnræði og nýliðun.

Þetta er sáttaleið sem hægt er að sameinast um. Hér eru eignir ekki gerðar upptækar, né grundvöllur rekstrarstarfsemi skertur, sé hann í lagi á annað borð. Heldur er veitt svigrúm fyrir nýliðun og auðvitað samkvæmt stefnu Pírata leyfi fyrir því að veiða vel í soðið með frjálsum handfæraveiðum um allt land.

Þegar litið er til uppboðs á veiðiheimildum á markaði er frumskilyrði að allir sitji við sama borð. Það er gert til þess að tryggja aðgengi, nýliðun og nýsköpun í greininni og er í raun mikilvægt fyrir alla framtíð íslenskra fiskveiða og vinnslu þar sem það vinnur á móti fyrirskuldsetningu og ósjálfbærni fyrirtækja. Færeyingar hafa nú þegar riðið á vaðið í uppboðum á veiðiheimildum og hefur það gefist vel.

Uppboðið og nálgun veiðiheimilda verður á allra þeirra færi sem geta sýnt fram á að geta veitt og skilað fengnum afla á markað; þá með viðeigandi getu og vottanir svo sem skipstjórnarpróf og hvað varðar öryggi báts. Ein aðalhugmyndin sem hefur komið fram um hvernig uppboðið sjálft fari fram er eftirfarandi:

Til að koma í veg fyrir að sá sem hefur betri aðgang að lánsfé geti yfirboðið og hamstrað veiðiheimildir verður uppboðið að fara þannig fram að hver og einn kaupandi býður þá prósentu sem hann er reiðubúinn að greiða við sölu á markaði. Viðkomandi fer síðan og veiðir, selur fiskinn á markaði og um leið og hann gerir það er dregið af það sem ríkið fær fyrir sölu heimildarinnar.

Við vonumst til þess að heilbrigðisþjónusta sem og ýmis iðnaður, veitingarekstur, fasteignaverð, leikskólar, og vegakerfi taki við sér út um allt land. Kannski finnst þér við rómantískir, en miðað við það sem við höfum lært um grundvallarframleiðsluþætti þjóða þá ætti þetta að vera raunin. Þar sem hægt er að leggja sig fram með von í hjarta og maður finnur sig jafningja annarra er hægt að hafa trú á góðri framtíð.

Samantekt þriggja greina sem birtast á vísir.is.

# Fluglest, flugvellir, sjúkrahús og stóra myndin



Guðjón Sigurbjartsson
viðskiptafræðingur í framboði í prófkjöri Pírata á höfuðborgarsvæðinu

Skoðum nokkur stór samgöngutengd mál á suðvesturhorninu í samhengi og horfum til framtíðar.

**Fluglestin kemur**

Innan fimm ára verður fluglest KEF-REY hagkvæm í einkaframkvæmd án ríkisábyrgðar, jafnvel þó hægist á fjölgun ferðamanna úr um 30% á ári niður í 5-10%. Ferðatíminn verður aðeins 15 mínútur. Almenn fargjöld verða um 3.900 kr. en um 1.000 kr. fyrir þá sem nota lestina oft. Þetta sameinar svæðin í raun atvinnu- og búsetulega. Samfélagslegur ábati af fluglestinni er metinn 40-60 milljarðar króna.

Fluglestin opnar möguleika á færslu miðstöðvar innanlandsflugsins frá Reykjavík til Keflavíkur. Áformuð er ein stoppistöð sunnarlega á höfuðborgarsvæðinu. Svæðið kringum hana mun draga að starfsemi sem þarf góðar samgöngutengingar við flugið í Keflavík og miðbæinn. Velja þarf stað fyrir stoppistöðina faglega. Meðal annars þarf að hafa í huga nýja Landspítalann. Trúlega eru Vífilsstaðir góður staður fyrir hvort tveggja.

**Nýr alþjóðaflugvöllur á Suðurlandi**

Ef miðstöð innanlandsflugsins fer til Keflavíkur og Reykjavíkurflugvöllur verður aflagður, þarf nýjan varaflugvöll fyrir alþjóðaflugið á Suðvesturlandi vegna kostnaðar sem annars hlýst af kröfu um aukna flugdrægni til að ná megi til varaflugvalla á Austur- eða Norðurlandi ef eitthvað bjátar á í Keflavík.

Hagfræðistofnun HÍ lagði árið 2015 mat á samanlagðan ábata af því að sameina miðstöð alþjóða- og innanlandsflugsins í Hvassahrauni og að byggja upp í Vatnsmýrinni um 82-123 milljarða króna.

En frá öryggissjónarmiði er óheppilegt að hafa bæði aðal- og varaalþjóðaflugvöll á sama nesinu, sömu megin við höfuðborgarsvæðið vegna hugsanlegra hamfara á Reykjanesi og umferðarvandamála. Ef eitthvað bjátar á í Keflavík er hætt við að það gildi einnig um Hvassahraun og öfugt. Byggðin í Hafnarfirði mun þróast suður með sjó í áttina að Vogum á Vatnsleysuströnd. Flugvöllur í Hvassahrauni myndi skera þá byggð í sundur.

Með ofangreint í huga og stóraukinn ferðamannafjölda á næstu áratugum er betra að byggja nýjan alþjóðaflugvöll á Suðurlandi í nágrenni Selfoss eða Hellu. Varaflugvöllur þar myndi taka nokkurn hluta af flugumferðinni að og frá landinu og nokkru innanlandsflugi líka. Í nágrenni flugvalla vex ýmis tengd starfsemi og ferðaþjónusta. Starfsemin er heppileg og yrði kærkomin fyrir Suðurland.

Þegar Reykjavíkurflugvöllur leggst af verður byggt í Vatnsmýrinni sem er mjög hagkvæmt og bætir borgina verulega.

**Betri staðsetning nýs Landspítala**

Samtök um Betri spítala á betri stað hafa sýnt fram á að betra, fljótlegra og hagkvæmara er að nýi Landspítalinn rísi á opnu aðgengilegu svæði, nálægt framtíðarþungamiðju byggðar á höfuðborgarsvæðinu í stað Hringbrautar sem ekki hentar lengur. Arðsemi bestu staðsetningar er á bilinu 50-100 milljarðar króna umfram Hringbraut. Samtökin vilja að gerð verði fagleg staðarvalsgreining til að finna besta staðinn fyrir spítalann. Nokkuð ljóst er að sá staður finnst í nágrenni við stofnbrautina frá vogum Elliðaánna að Vífilsstöðum. Vífilsstaðir hafa marga kosti fyrir spítalann þó þeir séu nokkuð sunnarlega miðað við núverandi höfuðborgarsvæði, en eftir því sem byggðin þróast suður með sjó verður staðurinn betri fyrir spítalann. Ef svo stoppistöð fluglestarinnar verður einnig á Vífilsstöðum verður staðsetningin þar enn betri, því ferðatími lestarinnar Vífilsstaðir-Keflavík og Vífilsstaðir-Reykjavík miðbær verður aðeins nokkrar mínútur.

**Framtíðin og stóra myndin**

Samanlagður ábati af ofangreindu er á bilinu 200 til 300 milljarðar króna og gæði þessara mikilvægu innviða samfélagsins aukast til muna.

Alþingi ætti að koma upp „framtíðarstofnun“ til að horfa á stóru myndina til framtíðar og móta framtíðarstefnu þjóðarinnar í helstu málum. Samráðsvettvangur um aukna hagsæld var gott framtak í þessa veru en starfið þarf að vera öflugra og áhrifameira með hag almennings að leiðarljósi.

Heimildir: http://fluglestin.is/ http://hhi.hi.is/sites/hhi.hi.is/files/sjz/fylgiskjal-13-greining-hagfraedistofnunar_0.pdf https://www.forsaetisraduneyti.is/samradsvettvangur http://betrispitali.is/

# RISA ÚTSALA REKKJUNNAR

## 20–60% AFSLÁTTUR!

Útlitsgallaðar, skila og skipti dýnur með **50 til 60% afslætti!**



÷50%

**SUMMER GLOW**
Queen Size (153x203 cm)
Fullt verð 278.711 kr.
**NÚ 139.356 kr.**



**HÆGINDASTÓLL**
með fótaskemil og hallandi baki
Fullt verð 43.500 kr.
**NÚ 34.800 kr.**

÷20%

**VERÐDÆMI!**
Queen Size (153x203 cm)
**FRÁ 98.755 kr.**

**VERÐDÆMI!**
King Size (193x203 cm)
**FRÁ 119.912 kr.**

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Ármúla 44 ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

ARGH!!! 100816#4

FRÉTTABLAÐIÐ SPORT

# Það er voða hættulegt að taka fótinn af bensíngjöfinni

**Þýska handboltalandsliðið hefur haldið sigurgöngu sinni áfram frá því á Evrópumótinu í Póllandi í ársbyrjun en liðið hefur unnið tvo fyrstu leiki sína á Ólympíuleikunum í Ríó. Íslenskur þjálfari liðsins, Dagur Sigurðsson, er líka mjög ánægður með byrjunina og segir sína menn hafa verið sannfærandi hingað til.**



Rio2016
Óskar Ófeigur Jónsson
ooj@365.is

**HANDBOLTI** Strákarnir hans Dags Sigurðssonar fylgdu á eftir þriggja marka sigri á Svíum, 32-29, í fyrsta leik handboltakeppni Ólympíuleikanna með því að vinna Pólverja með nákvæmlega sama mun í gær. Liðið lítur vel út og það er margt sem minnir á liðið sem varð Evrópumeistari í Kraków 31. janúar.

„Báðir leikirnir hafa verið tiltölulega sannfærandi hjá okkur. Við vorum sterkari í báðum leikjunum en auðvitað hefði þetta getað á einhverjum tímapunkti hrokkið í hina áttina. Við sáum samt að Pólverjarnir voru svolítið vankaðir eftir tapið í fyrsta leik,“ sagði Dagur eftir leikinn sem þýska liðið vann 32-29. Pólverjar hafa nú tapað á móti Brasilíu og Þýskalandi í fyrstu tveimur leikjum sínum.

„Pólverjarnir komu inn mjög grimmir og þetta var líkamlega erfiður leikur. Við héldum vel sjó og við erum með líkamlega sterkt lið á þessum leikum. Ég er með þunga og stóra menn og þeir héldu gegn því. Við náðum svo að spila aðeins hraðari bolta og vorum aðeins beittari í okkar aðgerðum heldur en Pólverjarnir,“ sagði Dagur.

Þýska liðið vann sjö síðustu leiki sína á Evrópumótinu í janúar og Dagur hefur náð að kalla fram sömu liðsheild og sömu stemningu nú á Ólympíuleikunum tæpum átta mánuðum síðar. Sigrarnir á stórmótum eru orðnir níu í röð eða allt frá því að liðið tapaði fyrir Spáni í fyrsta leik á HM í Póllandi í ársbyrjun.



Dagur Sigurðsson fer vel af stað með lið sitt í Ríó. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Spila hvað eftir annað 8 á móti 7

„Það er jákvætt að það sé svipuð holning á liðinu og á Evrópumótinu. Strákarnir eru líka að komast í stemninguna sem sýnir hversu jákvætt það er fyrir liðið að byrja mótið vel í stað þess að fá einhvern mótvind í byrjun. Það er gott,“ segir Dagur.

Hann er farinn að taka markvörðinn sinn út við allar kringumstæður þegar hann telur þess þurfa. Í lok leiksins í gær spiluðu Þjóðverjar hvað eftir annað 8 á móti 7 í sókninni. Sundum gekk það fullkomlega upp en fórnarkostnaður var líka nokkur auðveld pólsk mörk í tómt markið.

„Ég notaði aukamanninn síðustu fimmtán mínúturnar því mér fannst vera komið smá hökt í sóknarleikinn. Ég vildi aðeins breyta tempóinu,“ sagði Dagur en við hvaða kringumstæður notar hann þetta útspil?

„Það er bara þegar maður hefur á tilfinningunni að liðið þurfi smá hjálp við það að breyta rytmanum. Við gerum þetta þegar við erum færri, þegar við erum fleiri og svo þegar við á,“ segir Dagur sem telur sig ekki vera lengra kominn með þessa leikaðferð en aðrir þjálfarar.

„Alls ekki. Við erum á svipuðu róli og önnur lið. Það eru einhverjir þjálfarar sem hafa ekkert notað þetta en það er frekar undantekning frekar en hitt,“ sagði Dagur en kollegi hans í pólska liðinu, Talant Duyshebaev, notaði þetta til dæmis aldrei í leiknum.

### Bara eitthvað þjálfarastress

Dagur virtist eiga mótspil við öllum útspilunum hjá Talant og sigurinn var sannfærandi. Það er líka mikil breidd í þýska liðinu og þrír leikmenn voru til dæmis markahæstir með fimm mörk í sigrinum á Póllandi.

„Ég er mjög ánægður með þessa byrjun og við virkum betri heldur en ég átti von á miðað við síðustu vikurnar á æfingunum, þá var ég skeptískur. Ég talaði líka við Gumma Gumm og hann var líka skeptískur með sína menn. Ætli það sé bara ekki eitthvert þjálfarastress,“ sagði Dagur brosandi.

„Það er gott að vera búinn að taka aðeins hrollinn úr mönnum. Það er voða hættulegt að taka fótinn af bensíngjöfinni og ég held að við ættum að halda sjó og slípa okkar leik áfram,“ sagði Dagur að lokum.

### Níu sigurleikir þýska liðsins í röð á stórmótum

**EM í Póllandi 2016**
**27-26** sigur á Svíþjóð í riðlakeppni
**25-21** sigur á Slóveníu í riðlakeppni
**29-19** sigur á Ungverjalandi í milliriðli
**30-20** sigur á Rússlandi í milliriðli
**25-23** sigur á Danmörku í milliriðli
**34-33** sigur á Noregi í undanúrslitum
**24-17** sigur á Spáni í úrslitaleiknum

**ÓL í Ríó 2016**
**32-29** sigur á Svíþjóð í riðlakeppni
**32-29** sigur á Póllandi í riðlakeppni

● Þýskaland tapaði síðast leik á stórmóti í fyrsta leik sínum á EM 2016 á móti Spáni 16. janúar síðastliðinn.

# Átti að vera í betra formi núna en á HM í Kazan

**SUND** Anton Sveinn McKee náði ekki að fylgja eftir frábærum árangri íslensku sundstelpnanna og hefur nú lokið keppni á Ólympíuleikunum í Ríó. Hann var aðeins tveimur sætum og fjórtán sekúndubrotum frá því að komast í undanúrslit á Ólympíuleikunum í Ríó í gær.

Anton Sveinn komst í úrslit í bæði 100 og 200 metra bringusundi á Evrópumótinu í London í maí en hann komst ekki í gegnum undanrásirnar í þessum greinum á Ólympíuleikunum í Ríó.

„Þetta er sterkasti íþróttaviðburður í heimi og það var draumurinn að komast áfram. Það gerist kannski næst,“ sagði Anton Sveinn sem hefur greinilega þegar sett stefnuna á ÓL í Tókýó 2020. Hann

„Vissulega ætlaði ég mér meira en svona er þetta. Þetta fer í reynslubankann og þetta var ekki slæmt sund. Ólíkt hundrað metra sundinu þá náði ég að útfæra þetta sund eins og ég vildi,“ sagði Anton.

„Ég komst inn í mína taktík og leit töluvert betur út í þessu sundi. Það hefur kannski vantað eitthvað upp á en það er eitthvað sem ég fer yfir með þjálfurunum,“ sagði Anton.

Fyrir ári var hann í úrslitasundinu í 200 metra bringusundinu á HM í Kazan og synti meira en sekúndu hraðar í sinni bestu grein. Hvað breyttist?

„Ég á að vera í betra formi núna en á HM en við æfðum þetta allt öðruvísi fyrir HM. Þá voru töluvert erfiðari æfingar og ekki tekin eins mikil hvíld. Það er spurning hvort sé betra og það er eitthvað sem við verðum að fara yfir. Við munum bera þetta saman og kíkja á allt,“ sagði Anton Sveinn í gær.

Hann varð í 18. sæti í 200 metra bringusundi og í 35. sæti í 100 metra bringusundi.



Anton Sveinn eftir sundið í keppnislauginni í Ríó í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hann er ekki á því að áreitið af því að vera á Ólympíuleikunum og við þessar sérstöku aðstæður hafi verið orkuþjófur fyrir hann.

„Ég fór á leikana 2012 og vissi hvað ég var að fara út í. Mér líður vel í þessu Ólympíuumhverfi og ég held að það hafi ekki haft slæm áhrif. Þetta small bara ekki í dag,“ sagði Anton eftir sundið í gær. – óój

## Nýjast

**Pepsi-deild karla**

**ÍBV - Fylkir 2-1**
1-0 Sigríður Lára Garðarsdóttir, víti (4.), 1-1 Rut Kristjánsdóttir (78.), 2-1 Natasha Morra Anasi (92.)

**KR - Valur 0-4**
0-1 sjálfsmark (53.), 0-2 Margrét Lára Viðarsdóttir (56.), 0-3 Margrét Lára (87.), 0-4 Arna Sif Ásgrímsdóttir (89.).

**Stjarnan - Selfoss 3-1**
1-0 Agla María Albertsdóttir (7.), 2-0 Harpa Þorsteinsdóttir (40.), 2-1 Unnur Dóra Bergsdóttir (81.), 3-1 Harpa Þorsteinsdóttir (91.).

**Breiðablik - FH 5-1**
0-1 Aldís Kara Lúðvíksdóttir (6.), 1-1 Berglind Björg Þorvaldsdóttir (45.), 2-1 Berglind Björg (47.), 3-1 Berglind Björg (50.), 4-1 Berglind Björg (59.).

Berglind Björg Þorvaldsdóttir minnti rækilega á sig í gær er hún skoraði fernu fyrir Blika gegn FH í gær. Toppliðin þrjú, Valur, Stjarnan og Breiðablik unnu öll sína leiki í gær og ÍBV hafði betur gegn Fylki eftir dramatískar lokamínútur. Allir leikir umferðarinnar verða gerðir upp í Pepsi-mörkum kvenna á Stöð 2 Sport klukkan 19.40.

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Stjarnan | 28 | Fylkir | 10 |
| Breiðablik | 28 | Selfoss | 10 |
| Valur | 24 | FH | 10 |
| Þór/KA | 18 | KR | 6 |
| ÍBV | 18 | ÍA | 5 |

**GUMMI MEÐ FULLT HÚS STIGA**
Danmörk fer vel af stað í handbolta karla á Ólympíuleikunum í Ríó en liðið vann Túnis örugglega í gær, 31-23. Casper Mortensen og Lasse Svan voru markahæstir í leiknum með átta mörk hvor. Danir, undir stjórn Guðmundar Guðmundssonar, eru með fullt hús stiga eftir tvo leiki rétt eins og Frakkar sem unnu silfurlið Túnis frá síðustu heimsmeistarakeppni, 35-20. Danir eiga erfiðan leik fyrir höndum á morgun en þá mæta þeir Króatíu sem lék gegn Argentínu í gærkvöldi, eftir að Fréttablaðið fór í prentun. Liðunum tólf sem keppa í handbolta á Ólympíuleikunum er skipt í tvo sex liða riðla og komast fjögur efstu liðin áfram í fjórðungsúrslit.



## Í dag

**16.57 200 m bringusund kvk** Vísir
▶ ***Hrafnhildur Lúthersdóttir*** *hefur keppni í síðari keppnisgrein sinni á Ólympíuleikunum í Ríó og freistar þess að komast öðru sinni í undanúrslitin. Þau hefjast klukkan 02.11 í nótt.*

**17.51 200 m baksund kvk** Vísir
▶ ***Eygló Ósk Gústafsdóttir*** *komst í undanúrslit í 100 m baksundi og mun keppa í undanúrslitunum í 200 m baksundi kl. 01.35 í nótt ef hún endurtekur leikinn nú.*

**Knattspyrna karla:**
**16.00 Argentína - Hondúras** Sport
**22.00 Kólumbía - Nígería** Sport 2
**01.00 Danmörk - Brasilía** Sport
**01.00 Suður-Afríka - Írak** Sport 2

**Körfubolti karla:**
**17.15 Serbía - Frakkland** Sport 2
**22.00 Ástralía - Bandaríkin** Sport
**01.30 Venesúela - Kína** Sport 3

**Inkasso-deildin:**
**20.00 Fram - Huginn** Laugardalsv.






# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 10. ágúst 2016

30. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL




## Kúvending á rekstri Örnu

**Forstjóri Örnu segir laktósafríar mjólkurvörur verða sífellt vinsælli. Fyrirtækið vill tífalda markaðshlutdeild sína.** »4



»2

**Fallandi plötusala**
Plötusala er fimmtungur af því sem var fyrir áratug en útgefendur segja streymisveitur framtíðina.



»5

**Ný Búlla í Berlín**
Útrás Hamborgarabúllunnar heldur áfram og stefnt er á að opna níunda staðinn erlendis í vetur.

»6

**Vextir varanlega lægri**
Lars Christensen býst við að stýrivextir í Bandaríkjunum haldist lágir í framtíðinni.




SKJÓÐAN

# Uppboð á kvóta – spennandi tækifæri

**TILRAUN FÆREYINGA** með uppboð á fiskveiðikvóta virðist lofa mjög góðu. Tilraunin er smá í sniðum en fyrstu vísbendingar gefa til kynna að uppboðsleiðin muni færa þjóðinni marga milljarða í tekjur. Raunar verður ekki betur séð en að tekjurnar sem fengjust árlega með því að bjóða upp allan kvóta Færeyinga séu álíka miklar og beint fjárframlag sem danska ríkið veitir til Færeyja á ári hverju. Þannig getur uppboðsleiðin orðið grundvöllur fulls sjálfstæðis Færeyja frá Danmörku.

**ÞAÐ VAR SEM VIÐ MANNINN MÆLT** að íslenski sjávarútvegsráðherrann og formaður atvinnuveganefndar Alþingis ruku strax til og gáfu yfirlýsingar um að ekki kæmi til greina að fara uppboðsleið hér á Íslandi. Fundu þeir færeysku tilrauninni allt til foráttu og sögðu hættu á að íslenski kvótinn myndi lenda í höndum útlendinga og safnast á mjög fáar hendur færum við Íslendingar að dæmi frænda okkar.

**BÆÐI RÁÐHERRANN OG ÞINGNEFNDARFORMAÐURINN** virtust vera búnir að gleyma því að hér á landi eru í gildi lög sem banna beina aðkomu útlendinga að íslenskum sjávarútvegi. Þessir ágætu menn höfðu ekki miklar áhyggjur af því á sínum tíma þegar útlenskir kröfuhafar áttu íslensku bankana og höfðu þannig veð í stórum hluta íslenska kvótans. Reynslan hefur nú sýnt okkur Íslendingum að sá sem á veðið er alltaf raunverulegur eigandi veðandlagsins.

**ÞÁ VAKTI SÉRSTAKA ATHYGLI** hin mikla umhyggja ráðherrans og nefndarformannsins fyrir því að kvótinn dreifist sem víðast og alls ekki megi þjappa honum á fáar hendur. Í íslenska kvótakerfinu geta níu fyrirtæki eignast allan fiskkvóta þjóðarinnar og við færumst markvisst og örugglega nær því marki með hverju árinu. Bankarnir, sem eiga veð í kvótanum, neyða lítil sjávarútvegsfyrirtæki til að selja kvótann frá sér í skuldaskilum og bankinn velur kaupandann, sem ávallt er eitt af stærstu útgerðarfyrirtækjum landsins. Bankinn græðir og stórútgerðin græðir en þjóðin fær ekkert fyrir sinn snúð og litlu útgerðunum og heimaplássi þeirra blæðir.

**ÞAÐ VERÐUR MJÖG FORVITNILEGT** að fylgjast með áframhaldandi tilraunum Færeyinga með kvótauppboð. Það er óraunhæft að ætlast til að slíkt kerfi spretti fram fullskapað. Þetta virðist hins vegar vera ákjósanleg leið til að tryggja hámarks afrakstur af auðlindinni til eigandans, þjóðarinnar. Með einföldum reglum er hægt að koma í veg fyrir samþjöppun kvóta bæði í höndum fárra eigenda og a afmörkuðum svæðum. Við getum skikkað allan afla á markað og eyrnamerkt kvóta einstökum landsvæðum. Við getum leyft fiskvinnslunni að bjóða í kvóta. Það væri nú dálítið byltingarkennt. En við Íslendingar höfum gjarnan verið óhræddir við að ryðja nýjar brautir í fiskveiðistjórnun.

MARKAÐURINN

**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.**, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Umsjón **Jón Hákon Halldórsson** **jonhakon@365.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is

**Við vinnum að sölu á eftirtöldum fyrirtækjum:**

- **Áhugaverð sérverslun í Kringlunni.**
- **Boostbar, ís, borgarar, góð verslun í úthverfi, veltir um 100 milljónum, góð kaup.**
- **Fyrirtæki í viðburðarvörum, leigu á tjöldum og öðrum búnaði til fyrirtækja og stofnana.**
- **Veitingastaður í 101, velta um 400 milljónir, mjög góð afkoma.**
- **Innflutningsfyrirtæki í byggingarvörum.**
- **Heildverslun með sælgæti oþh. Dreifing til verslana.**
- **Heildverslun með vín, kaffi og orkudrykki.**
- **Hádegisverðarþjónusta í Reykjavík.**
- **Stórt verslunarfyrirtæki í Reykjavík.**
- **Sérhæfð bílaleiga með mjög góða afkomu.**
- **Mjög áhugavert kaffihús í 101 Reykjavik.**

**Við erum með kaupendur og fjárfesta að ýmsum gerðum fyrirtækja, við hvetjum fyrirtækjaeigendur sem eru í söluhugleiðingum til að hafa samband.**

INVESTIS

**Lækjargata 2, 2 hæð. Sími 5461100 invesis@invesis.is**



Sölvi Blöndal og Eiður Arnarsson eru bjartsýnir á að tekjur tónlistageirans af streymi margfaldist næstu ár.

# Plötusala dregist saman um 81 prósent á áratug

**Plötusala er fimmtungur af því sem hún var fyrir áratug. Vægi tónleika og varningssölu verður því sífellt mikilvægara. Vonast er til að tekjur af streymi muni margfaldast í framtíðinni þó enn sé nokkuð í að þær nálgist plötusölu fyrri ára.**




Plötusala er fimmtungur af því sem hún var árin 2005 til 2006 þegar salan nam yfir 800 þúsund eintökum á ári. Árið 2015 seldust 154 þúsund geisladiskar og vínilplötur hér á landi. Þá hafa tekjur af sölu hljómplatna lækkað um 74 prósent. Tekjurnar námu 197 milljónum króna í fyrra en voru 756 milljónir króna árið 2006 á verðlagi síðasta árs. Sumar vikur dugar að selja tíu eintök til að komast inn á lista yfir tíu söluhæstu plötur vikunnar.

Eiður Arnarsson, framkvæmdastjóri Félags hljómplötuframleiðenda, bendir á að annað taki við af fallandi hljómplötusölu. Tekjur af streymisveitum hafa vaxið um 60-70 prósent á ári síðustu árin. Nú sé markaðshlutdeild streymisveitunnar Spotify orðin um 40 prósent en fyrirtækið greiðir tónlistarrétthöfum um 70 prósent af tekjum sínum. Samkvæmt áætlun Félags hljómplötuframleiðenda námu tekjur útgefenda og flytjenda vegna spilunar Spotify og Tónlist.is á íslenskri tónlist á Íslandi 32 milljónum króna á síðasta ári. „Það er alveg ljóst að reksturinn verður ekki í náinni framtíð með sama hætti og þegar geisladiskasala var og hét,“ segir Sölvi Blöndal, meðlimur Quarashi. „En þetta er ljós við endann á göngum,“ segir Sölvi. Hann er einn þeirra sem standa að nýstofnuðu útgáfufyrirtæki sem keypti útgáfuhluta Senu í lok júlí. „Það er enginn að veðja á geisladiskasölu í einhverju framtíðar tekjumódeli,“ segir Sölvi.

„Það sem er að koma í staðinn er sala á stafrænni tónlist, einkum streymi sem lofar góðu,“ bætir Sölvi við.

Eiður tekur undir það. „Þetta er framtíðin og er bara að vaxa og er fyrir neytendur upp til hópa gersamlega frábær þjónusta.“ Hann telur vandamálið hins vegar vera að áskriftargjaldið inn á streymisveitur sé of lágt. „Að borga 1.500-1.600 krónur á mánuði fyrir að hafa aðgang hvar og hvenær sem er að næstum allri tónlist í heiminum er alveg hlægilega góður díll.“

Þá segir Eiður að á móti minni plötusölu hafi mikilvægi tónleika og varningssölu aukist. „Einu sinni voru menn að túra til að auglýsa plötur en nú eru menn að gefa út plötur til að geta túrað. Það hefur einfaldlega snúist við.“

Þá hafi það alltaf verið fremur fámennur hópur sem hafi haft miklar tekjur af plötusölu, einna helst tónlistarmenn sem komið hafi fram sem einstaklingar. „Einfaldlega vegna þess að þegar þú tekur íslenska plötusölu og deilir í hagnaðarhlutann með fimm þá verður aldrei mikið eftir.“

**ingvar@frettabladid.is**

## Vikan sem leið

**4,3 %**
**aukning**

Flugbókunum til Bretlands fjölgaði um 4,3 prósent mánuðinn eftir að Bretar kusu að yfirgefa Evrópusambandið. Ástæðu þess má rekja til þess að gengi sterlingspunds féll um tíu prósent gagnvart Bandaríkjadal. Mest aukning var frá Hong Kong, eða 30,1 prósent, svo var 9,2 prósenta aukning frá Bandaríkjunum og fimm prósent frá Evrópu.

**491.000**
**farþegar**

Í júlí flutti Icelandair Group 491 þúsund farþega í millilandaflugi og voru þeir 18 prósentum fleiri en í júlí á síðasta ári. Farþegafjöldinn er sá mesti í einum mánuði frá stofnun félagsins, segir í tilkynningu. Sætanýtingin var 87,7 prósent samanborið við 88,9 prósent í júlí í fyrra. Framboðsaukning á milli ára nam 22 prósentum.

**865.000.000**
**krónur í árslaun**

Forstjórar hundrað stærstu fyrirtækja Bretlands, sem tilheyra FTSE 100 vísitölunni, eru að meðaltali með 5,5 milljónir punda, jafnvirði 865 milljóna króna, í laun á ári. BBC greinir frá því að tekjur forstjóranna hækkuðu um tíu prósent árið 2015. Miðgildi launanna er rétt undir fjórum milljónum punda, sem er 144 sinnum miðgildi launa Breta.

## ***Stærsti*** *og* ***öflugasti*** *dísiljeppinn í sínum flokki*



# NÝR FORD **EDGE AWD**

## Vertu á undan. Farðu ótroðnar slóðir

> **Ford Edge veitir þér frelsi til að fara lengra. Framúrskarandi aksturseiginleikar, kraftmikið útlit og fyrsta flokks tækni setja Ford Edge fremstan í sínum flokki. Hann er fjórhjóladrifinn, búinn 210 hestafla dísilvél og kemur á 19" Titanium álfelgum.**

Þú nýtur þess að ferðast í nýjum Ford Edge. Hann er gríðarlega rúmgóður enda er hann stærsti jeppinn í sínum flokki, rúmir 4,8 m. Dráttargetan er mikil eða 2.000 kg og veghæðin er rúmir 20 cm undir lægsta punkt.

Hann er jafnframt hlaðinn búnaði og notendavænni tækni sem eykur bæði þægindi og akstursánægju. Meðal staðalbúnaðar er:

- SYNC II samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringingu í 112
- 8" snertiskjár
- Íslenskt leiðsögukerfi
- Bakkmyndavél
- Veglínuskynjari
- Umferðaskiltalesari
- Rafdrifinn afturhleri með skynjara
- Upphitanleg Quickclear framrúða
- Leðurklætt upphitanlegt stýrishjól
- Ford MyKey
- Lyklalaust aðgengi

## FORD **EDGE AWD**

SJÁLFSKIPTUR 210 HÖ DÍSIL

FRÁ **8.390.000** KR.

**Komdu og prófaðu hljóðláta dísiljeppann Ford Edge AWD**

ford.is

**brimborg**

***Öruggur staður til að vera á***

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Gerðu samanburð og þú munt sjá að Ford Edge er gríðarlega vel búinn. Til viðbótar við ofantalið er eftirfarandi einnig staðalbúnaður: hraðastillir með hraðatakmarkara, tvöföld tölvustýrð miðstöð, vandað hljómkerfi með 9 hátölurum, nálægðarskynjarar að framan og aftan, starthnappur, sólarvörn í framrúðu og regnskynjari í framrúðu. Ford Edge er fáanlegur í þremur útfærslum: Titanium, Titanium S og Sport. Ford Edge AWD 2,0 TDCi dísil 210 hö. 6 þrepa sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,9 l/100 km. $CO_2$ losun 149 g/km. ◆ Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.




Hálfdán Óskarsson, framkvæmdastjóri Örnu, segir ekki hagkvæmt að reka fyrirtækið frá Bolungarvík en stofnendurnir hafi haft áhuga á að efla samfélagið á Vestfjörðum. MYND/SIBBA

# Vilja tífalda hlut Örnu af markaðnum

**Þrjú ár verða í næsta mánuði liðin frá því að mjólkurframleiðsla hófst hjá Örnu á Bolungarvík. Hálfdán Óskarsson, forstjóri fyrirtækisins, sér tækifæri til þess að vaxa. Eftirspurn eftir laktósafríum vörum hafi vaxið undanfarið. MS geti drepið Örnu þegar því sýnist standi neytendur ekki með fyrirtækinu.**

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@365.is



Við byrjuðum að þróa vöruna 2012 og þá höfðum við lengi verið að spá í þetta. Því að á Norðurlöndunum og víða í kringum okkur hefur verið mikil aukning í framleiðslu á laktósafríum vörum og upp á síðkastið hefur þetta verið algjör sprenging. Fólk gerir sér betur grein fyrir því að það þola ekki allir mjólk," segir Hálfdán Óskarsson, framkvæmdastjóri mjólkurframleiðslunnar Örnu í Bolungarvík. Markaðurinn heimsótti fyrirtækið um helgina. „Þegar stóð til að loka samlaginu á Ísafirði þá fór ég að velta þessu fyrir mér og vildi komast þangað inn en það gekk ekki," segir Hálfdán. Úr varð að fyrirtækið fékk húsnæði að Hafnargötu 80 í Bolungarvík, beint á móti Bjarnabúð sem allir Bolvíkingar þekkja. Framleiðslan hófst svo í september 2013.

Forsvarsmönnum Örnu fannst vanta laktósafría mjólk á markaðinn og hugðust svara þeirri eftirspurn. „Það hefur verið þannig að þeir sem hafa sett upp mjólkurvinnslu á Íslandi, þeim hefur ekkert gengið í samkeppni við Mjólkursamsöluna. En með því að vera með laktósafríar mjólkurvörur þá ertu með ákveðna sérstöðu sem þú getur byggt á. Þeir reyndar komu með sína léttmjólk um leið og þeir fréttu að við værum að fara af stað, en þeir hafa ekki komið með fleiri vörur þannig að við sinnum þessum markaði að mestu leyti," segir Hálfdán. Hann tekur þó fram að vörurnar frá Örnu höfði til fleiri en þeirra sem hafa mjólkuróþol. Í framleiðslu Örnu sé verið að draga úr sykurnotkun og vörur Örnu séu oftast miklu hollari en þær sykruðu.

Hálfdán segir að rekstur fyrirtækisins hafi verið erfiður til að byrja með. „Við byrjuðum í september þannig að það er ekki að marka fyrsta árið. En annað árið, það er 2014, var mikið tap hjá okkur," segir Hálfdán. Hann bendir á að fyrirtækið hafi þurft að fjárfesta mikið og þurft að glíma við alls kyns verkefni, eins og venja er þegar fyrirtæki eru að hefja starfsemi. Hálfdán segir að fyrirtækið hafi verið rekið við núllið á síðasta ári og það stefni í hagnað á yfirstandandi ári. „Mér sýnist við vera að velta svona sirka 5-600 milljónum á þessu ári, en í fyrra velti fyrirtækið 240 milljónum," segir Hálfdán. Hann segir að ástæða veltuaukningarinnar sé annars vegar umræða í samfélaginu um Mjólkursamsöluna og samkeppnismál. En líka vegna þess að vöruúrvalið hjá Örnu hafi breikkað og framleiðslan verið betur kynnt.

### Ætla að kynna Örnu betur

Hálfdán segir að markaðssetning fyrirtækisins gangi út á að kynna fyrirtækið betur. „Það eru ótrúlega margir sem vita ekkert hvað Arna er," segir Hálfdán. Hollustan skipti líka máli. „Þetta eru hollar mjólkurvörur og auðmeltanlegri. Það þola þær allir," segir Hálfdán. Þá sé minni sykur í vörunum og fyrirtækið hafi líka framleitt vörur með nýjum bragðtegundum. Þannig marki fyrirtækið sér sérstöðu.

Fyrirtækið er með um 24 vörunúmer og nýjasta vörutegundin er grísk jógúrt. „Svo erum við stöðugt að vinna í vöruþróun til þess að breikka vöruúrvalið. Þetta snýst um að vera með breitt vöruúrval til þess að auka veltuna; nýjar tegundir og aðrar bragðtegundir."

### Ellefu eigendur

Auk Hálfdáns eru tíu eigendur að Örnu, bæði fyrirtæki og einstaklingar. Stærsti hluthafinn er Jon Von Tetzchner. „Hann er búinn að vera í þessu frá byrjun og hann stendur mjög þétt við bakið á okkur," segir Hálfdán.

Hálfdán segir ekki hagkvæmt að reka fyrirtækið frá Bolungarvík. „Nei, það er það ekki. En við erum héðan og höfum áhuga á því að efla samfélagið hérna fyrir vestan. En þetta er dýrara heldur en að vera í borginni. Sérstaklega flutningur og dreifing," segir Hálfdán. Arna er í samvinnu við Landflutninga, sem flytja vöruna til Reykjavíkur. Svo er dreifingaraðili á höfuðborgarsvæðinu sem dreifir vörunni um allt land, nema á Vestfjörðum. Hálfdán segir engar hugmyndir uppi um að flytja framleiðsluna suður til Reykjavíkur. „Það veitir ekkert af því að gera eitthvað hérna. Það höfðu auðvitað ekkert margir trú á þessu í byrjun, að reka mjólkurvinnslu í Bolungarvík, en þetta gengur ágætlega," segir Hálfdán. Í dag vinna sex hjá fyrirtækinu en áætlað er að starfsmönnum fjölgi um fjóra í haust.

### Tækifæri á heimamarkaði

Hálfdán segist ekki vera farinn að hugsa að ráði um að markaðssetja vörur Örnu erlendis. „Það hafa komið fyrirspurnir og við höfum sent út prufur. En það hefur ekkert komið út úr því," segir hann. Fyrirtækið sé að stækka á heimamarkaðnum og það séu enn mikil tækifæri til stækkunar. „Útflutningur hljómar ágætlega en það er ekkert mögst. Eflaust kemur einhvern tímann að því að við förum að spá í það, bæði þegar við erum búin að efla okkur tæknilega séð og auka framleiðslugetuna," segir Hálfdán. Þá bendir hann á að tollar séu lagðir á útflutning, sem samsvari um áttatíu krónum á hverja skyrdós, þannig að óvíst sé hvort framleiðsla Örnu yrði samkeppnishæf.

> **Vegna þess að MS, sem er eini samkeppnisaðilinn, getur gert það sem honum sýnist. Hann getur komið með laktósafríar vörur og undirboðið þær þegar honum sýnist.**
>
> Hálfdán Óskarsson, framkvæmdastjóri Örnu



### MS gæti drepið Örnu ef það vill

Hann ítrekar að það séu tækifæri hér heima. Arna sé einungis með eins prósents markaðshlutdeild en þyrfti að vera með tíu prósent til að vera samkeppnisfær á markaði. En það sé erfitt að keppa við Mjólkursamsöluna. „Það versta við þetta er að þú hefur enga tryggingu fyrir því, þó að þú standir þig ágætlega, að þú lifir af. Vegna þess að MS, sem er eini samkeppnisaðilinn, getur gert það sem honum sýnist. Hann getur komið með laktósafríar vörur og undirboðið þær þegar honum sýnist. Bara drepið okkur á nokkrum vikum. Nema að neytendur standi með okkur," segir Hálfdán.

Það flækir líka samkeppnisstöðuna að Arna kaupir alla hrámjólk, sem vörur eru unnar úr, frá Mjólkursamsölunni. „Við gerum það. Þeir segja að við þurfum þess ekki. Að við getum sótt beint til bænda. En það er óraunhæft," segir Hálfdán. Mjólkursamsalan geti hins vegar sótt alla mjólk til bænda í krafti stærðar sinnar.

Hálfdán segir að starfsemi Örnu sé háð því að neytendur standi með fyrirtækinu. Það hafa þeir gert, enda hefur velta Örnu aukist þegar umræðan um Mjólkursamsöluna og samkeppnismál stendur sem hæst. „Það hefur gerst tvisvar sinnum. Það gerðist haustið 2014 og svo núna í sumar," segir Hálfdán. Hann segir að veltuaukningin hafi þó ekki haldið sér að fullu. Það hafi orðið gríðarleg aukning fyrstu tvær til þrjár vikurnar eftir umræðuna en svo hafi hún minnkað. En varanleg aukning frá því í sumar er um það bil 50 prósent.



TIL LEIGU

Glæsilegt **skrifstofuhúsnæði** á besta stað í miðborginni

Túngata 5 er eitt af virðulegustu húsum bæjarins. Til leigu eru skrifstofur á 1. hæð hússins sem er um 155m². Á hæðinni eru 4 skrifstofur auk opins rýmis. Þrjú bílastæði fylgja.

**Áhugasamir hafi samband við Ársæl í síma 898 0111 eða sali@genes.is**

# SÆBJÚGU - HEILSUFÆÐA Í HYLKI

**Arctic Star kynnir** Sæbjúgu eru þekkt heilsufæða í Kína en Kínverjar kalla sæbjúgu gjarnan „ginseng hafsins“ og eru þau notuð til bóta á ýmsum meinum. Nú má fá þau góðu áhrif sem sæbjúgum fylgja á einfaldari máta en þau fást í handhægum hylkjum.



Sandra finnur mun á sér eftir að hafa tekið inn sæbjúgnahylkin. Henni finnst ónæmiskerfi sitt vera sterkara en áður. MYND/GVA

Arctic Star-sæbjúgnahylkin innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum sem geta haft jákvæð áhrif á lífeðlisfræðilega starfsemi mannslíkamans, til dæmis er mikið kollagen í því en það er eitt helsta uppbyggingarprótein líkamans. Sæbjúgu hafa verið þekkt sem heilsufæði í gegnum aldirnar í Kína, heimalandi Söndru Yunhong She, eiganda Arctic Star, framleiðanda sæbjúgnahylkjanna. Þar eru þau notuð til bóta við hinum ýmsu meinum. Kínverjar kalla sæbjúgu gjarnan „ginseng hafsins“ og til eru sagnir um notkun sæbjúgna þar fyrir meira en þúsund árum.

### JÁKVÆÐ ÁHRIF

„Heima hjá mömmu voru sæbjúgun elduð. Það tekur hins vegar mjög langan tíma að gera það og menn eru ekki að elda sæbjúgu daglega. Við fengum því þá hugmynd að búa til sæbjúgnahylki svo fólk geti fengið heilsubótarefnin úr sæbjúgunum daglega, á auðveldan máta,“ útskýrir Sandra. Áður en Sandra og fjölskylda fóru að framleiða hylkin og markaðssetja þau gerðu þau nokkurs konar tilraunir á sjálfum sér og sínum nánustu. „Við tókum sæbjúgnahylkin í um tvö ár áður en við fórum að framleiða þau. Fyrir mig virkaði þetta afskaplega vel og meðal annars varð ónæmiskerfið í mér sterkara. Þegar ég var yngri fékk ég alltaf flensu nokkrum sinnum á ári. Á síðustu árum hef ég varla orðið veik. Þegar flensan er úti um allt í þjóðfélaginu fæ ég í mesta lagi smá hausverk í einn dag en ekki meir. Þannig að ég finn mikinn mun á mér.“ Sæbjúgnahylkin fóru í framleiðslu fyrir um tveimur árum. Þeir sem fengu að prófa sæbjúgnahylkin höfðu yfirleitt góða sögu að segja af þeim. „Flestir sem hafa prófað þetta hjá okkur komast að sömu niðurstöðu, að þetta sé gott fyrir liðamótin, minnki liðverki, lækki kólesteról og auki blóðflæði. Virknin er þó misjöfn hjá fólki en eins og áður segir þá vorum við lengi með vöruna í rannsókn og prófuðum hvernig hún virkaði á fólk og mismunandi kvilla sem það hafði. Við settum svo sæbjúgnahylkin á markað í fyrrasumar og viðtökurnar hafa verið góðar,“ segir Sandra og bætir við að þau hafi fengið fjölda símtala frá ánægðum neytendum. „Þeir voru að láta okkur vita hvernig sæbjúgnahylkin hafa virkað fyrir þá og erum við mjög ánægð að heyra frá þeim.“




### SÆBJÚGU ERU ÞEKKT FYRIR:

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald.
- Að minnka verki í liðum og liðamótum.
- Að byggja upp brjósk og draga úr tíðni liðskemmda.
- Að bæta ónæmiskerfið.
- Að auka blóðflæði.
- Að koma í veg fyrir æðakölkun.
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlíns.

**Íslensk framleiðsla** **Framleiðandi sæbjúgna er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á arcticstar.is. Arctic Star sæbjúgnahylki fást í flestum apótekum og heilsubúðum og í Hagkaupum.**

> Heima hjá mömmu voru sæbjúgun elduð. Það tekur hins vegar mjög langan tíma að gera það og menn eru ekki að elda sæbjúgu daglega. Við fengum því þá hugmynd að búa til sæbjúgnahylki svo fólk geti fengið heilsubótarefnin úr sæbjúgunum daglega, á auðveldan máta.
>
> Sandra Yunhong She













**„Fjölbreytnin verður mikil bæði kvöldin og með armbandinu er hægt að rölta á milli staða í bænum og upplifa mikla breidd í íslensku tónlistarlífi," segir Árni Árnason, talsmaður Keflavíkurnátta.** MYND/EYÞÓR

# HÁTÍÐ Í BÍTLABÆ

Um helgina verður tónlistarhátíðin Keflavíkurnætur haldin þriðja árið í röð í Reykjanesbæ. Meðal flytjenda er „eitís"-stjarnan Haddaway.

Tónlistarhátíðin Keflavíkurnætur hefst næsta föstudag í Reykjanesbæ og stendur yfir fram á laugardag. Þetta er þriðja árið í röð sem hátíðin er haldin en hún fer fram á nokkrum tónleikastöðum í bænum. Margir af vinsælustu tónlistarmönnum landsins koma þar fram auk þess sem „eitís"-stjarnan Haddaway mun koma fram en lag tónlistarmannsins, What Is Love, frá árinu 1993, naut gríðarlegra vinsælda á sínum tíma.

Að sögn talsmanns hátíðarinnar, Árna Árnasonar, verður hún sannkölluð veisla fyrir partíþyrsta tónlistarunnendur. „Fjölbreytnin verður mikil bæði kvöldin og með armbandinu er hægt að rölta á milli staða í bænum og upplifa mikla breidd í íslensku tónlistarlífi. Allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi á þessari hátíð."

Meðal innlendra listamanna sem koma fram eru Hjálmar, Gísli Pálmi, Emmsjé Gauti, Í svörtum fötum og Aron Can auk þess sem slegið verður upp stórdansleik á laugardagskvöldinu þar sem hljómsveitin Von spilar með Björgvini Halldórssyni, Siggu Beinteins og Matta Matt.

## GÓÐA VIÐTÖKUR

Hugmyndin að Keflavíkurnóttum kviknaði fyrir nokkrum árum þegar Árni og félagar hans áttu spjall saman um dalandi næturlíf í bænum og þá skemmtilegu ballsögu sem svæðið átti, þá helst í tengslum við Stapann í Njarðvík. „Okkur fannst tímabært að hrista aðeins upp í fjörinu hérna í bænum og bjóða upp á dagskrá sem hentaði flestum aldurshópum. Móttökurnar voru vægast sagt frábærar og fór hátíðin vel fram fyrstu tvö árin og greinilegt að bæjarbúar og aðrir Suðurnesjamenn voru í gírnum fyrir svona tónlistarhátíð."

Keflavíkurnætur fóru fram með sama sniði fyrstu tvö árin en nú er breytt til og boðið upp á erlendan tónlistarmann í fyrsta skipti. „Við vonum að tekið verði vel í þessa tilbreytingu. Þótt Haddaway sé aðallega þekktur fyrir lag sitt What Is Love seldust smáskífur og breiðskífur hans í milljónum eintaka á sínum tíma.



**Hjálmar koma fram á Keflavíkurnóttum um helgina.**



**Haddaway mun án efa trylla lýðinn.**



**Það er alltaf líf í kringum Gísla Pálma.**

What Is Love er enn eitt vinsælasta lagið á diskótekum um allan heim. Ef það fær ekki gesti Keflavíkurnátta til að ryðjast út á dansgólfið þá verð ég illa svikinn. Haddaway er spenntur fyrir að mæta til Keflavíkur og lofar góðum tónleikum. Það verður gaman að sjá þessa fornfrægu stjörnu stíga á svið á föstudaginn."

## FJÖLBREYTT DAGSKRÁ

Tónleikarnir fara fram á þremur tónleikastöðum í bænum en auk þeirra verður boðið upp á ýmsa aðra viðburði að sögn Árna. „Það verður t.d. haldið strandblakmót á laugardaginn kl. 14 og streetballmót sama dag kl. 11. Svona liðir setja skemmtilegan svip á hátíðina og þjappa gestum bara enn meira saman. Við héldum einnig strandblakmót í fyrra og vakti það mikla lukku. Það er frábær strandblakaðstaða í bakgarði tónleikastaðarins Paddy's og streetball-mótið fer fram við Njarðvíkurskóla."

Miðar eru fáanlegir í forsölu í Gallerí Keflavík og á Midi.is. Miðasala fer einnig fram í sérmerktu húsnæði við Hafnargötu þar sem allir tónleikastaðirnir eru. Nánari upplýsingar má finna á Facebook undir Keflavíkurnætur.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Bryndís Hauksdóttir, *bryndis@365.is, s. 512 5434* Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429*

Bílás
Bílasala Akranes



MERCEDES-BENZ E 220 CDI estate (202). Árgerð 2011, ekinn 125 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.390.000. Rnr.141923.



VW Passat ecofuel. Árgerð 2013, ekinn 39 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.290.000. Rnr.991920.



TOYOTA Corolla active. Árgerð 2014, ekinn 36 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 3.190.000. Rnr.141737.



Kia Sportage EX 4wd. Árgerð 2014, ekinn 33 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 4.690.000. Rnr.991559. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

**Bílasalan Bílás Akranes**
**Smiðjuvöllum 17, 300 Akranes**
**Sími: 431 2622**
**www.bilas**

bilfang.is
S. 567 2000



**7 MANNA / LIMTED !**
Landrover Discovery 4 LTD 04/2014 ek 53 þ.km Hvítur blackline hlaðinn búnaði verð 11.9 mil ! Raðnr 129633

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

100bilar.is bílasala



Mazda 3 Vision, 5/2015, ekinn 53.000, tilboðsverð 2545,- þús, ásett verð 2790,- þús, virkilega flottur bíll, er á staðnum, raðnr 152524

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar,**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00 virka daga, lokað laugardaga**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



OPEL - VECTRA-B árg '98. Nýskoðaður 2017. Ekinn aðeins 135.000 km. Mjög góður bíll í toppstandi. Mjög góð nagladekk á felgum fylgja Verð aðeins 350.000-kr. Uppl. í síma 779-2416

## 500-999 þús.



**23 ÞÚS Á MÁNUÐI**
FORD FOCUS C-MAX TREND árg 2004 ek.164 þús, beinskiptur, ny skoðaður 17, lýtur vel út ásett verð 790 þús Tilboð 690 þús möguleiki á 100% láni sirka 23 þús á manuði s.841 8955

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Lyftarar

BendPak



Hágæða bandarískar vökvadrifnar bílalyftur.

Stál og Stansar ehf.
VAGNHÖFÐI 7 • SÍMI 517 5000
stalogstansar@stalogstansar.is

## Varahlutir

Startarar & alternatorar
í bíla, báta og vinnuvélar



Bílaraf
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

Pípulagningameistari getur tekið að sér ýmiskonar pípulagnavinnu. Uppl. gefur Benni s. 899-3464 - Vatnshrúturinn ehf

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Hreingerningar

Hreingerningar:

Húsfélög og húseigendur! Tökum að okkur þrif á öllu húsnæði, ekkert verk of lítið. Áralöng reynsla tryggir góð gæði og gott verð.

**Húsþjónustan S: 6978265**

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

**REGNBOGALITIR**
Þakmálun, útimálun, múrviðgerðir. Innimálun, spörtlun, viðhaldsþjónusta. Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. S.891 9890 malarar@simnet.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

**SÁ SÍMASPÁ Í**
**S. 844 6845 / 462 4564**
Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ



## Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSIÐ
Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla
Visa 566 7311 euro
Tímapantanir í síma 8694650

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## HEILSA

## Nudd

Nudd. Nuddstofan, opið frá 09-19 og á laugardögum. S. 853 3059

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

**NUDDSTOFA DÍSU (201)**
Er nuddfræðingur með allt almennt nudd. Tek vel á vöðvabólgu, liðverkjum, bakvandamálum og sogæðavanda. Opið frá kl. 10-19 alla virka daga. Verið velkomin. Tímapantanir í s. 868-3379 - Dísa P.

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## HEIMILIÐ

## Barnavörur



Vagnstykki, kerrustykki og skiptitaska Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Geymsluhúsnæði

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**BÍLSTJÓRI ÓSKAST:**
Óska eftir bílstjóra í fullt starf, óháð kyni við akstur á Reykjavíkursvæðinu.
Um er að ræða akstur fyrir Ferðaþjónustu fatlaðra og aldraðra, á vegum sveitafélaganna og Strætó BS.
Þarf að hafa ökuréttindaflokk D eða D1.
Um er að ræða 100% starf og möguleiki á yfirvnnu.
Skilyrði: Rík þjónustulund, góð mannleg samskipti og hreint sakavottorð.
**Frekari uppl. í síma 862-9669 og 892 2600.**

Tapas barinn

**UPPVASKARI / DISHWASHER**
Tapasbarinn leitar að starfsmanni í uppvask og til að aðstoða í eldhúsi. Upplýsingar veitir Bjarki yfirmatreiðslumaður í síma 895-2344 og á netfanginu bjarki@tapas.is

Tapasbarinn is looking to hire a dishwasher/assistant in kitchen. For further information contact head chef Bjarki in number 895-2344 or in e-mail: bjarki@tapas.is. Tapasbarinn - Vesturgötu 3b - tapas@tapas.is

MOSFELLS BAKARÍ

**VILT ÞÚ VINNA MEÐ OKKUR.**
Óskum eftir hressu, þjónustulunduðu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í bakaríinu okkar í Reykjavík og Mosfellsbæ. Vinnutíminn er frá 13:00 - 18:30 alla virka daga og einn dag aðra hverja helgi. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.
**Hægt er að fylla út umsókn á staðnum eða á netinu. Slóðin er www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/**

**KAFFI MILANO FAXAFENI 11**
Starfsfólk óskast í fullt starf. Sendið uppl. á milano@simnet.is

Menn vanir múrverki og flísalögnun óskast sem fyrst og nóg að gera í allan vetur. Uppl. í s. 860 3600 og 6966656.

Óska eftir að ráða harðduglegan og vandvirkan starfskraft í bílaþrif. Umsóknir sendist á bilathrif1@gmail.com

Vegna aukinna verkefna vantar smiði og verkamenn í framtíðarstarf. Umsóknir sendist á bosmidir@bosmidir.is

## Atvinna óskast

**JÁRNABINDINGARMENN ÓSKA EFTIR VINNU. GETA BYRJAÐ STRAX.**
Erum með einnig. Smiði, aðstoðarmenn við smiði, verkamenn, menn vana vegavinnu, dekkjamenn, bílaviðgerðamenn, pípulagningamenn og aðra iðnaðarmenn. Við finnum réttu mennina fyrir þig. Verkleigan sími:780-1000 e:vinna@verkleigan.is

## atvinna

ÍSFUGL

# Lagerstarfsmaður óskast

**Starfsmann vantar á lager í starfsstöð Ísfugls ehf. í Mosfellsbæ í fullt starf.**
**Reynsla af lagerstörfum æskileg.**
**Íslenskukunnátta skilyrði. Framtíðarstarf.**

**Frekari upplýsingar fást hjá Höskuldi Pálssyni, sími 662 6263 eða hoskuldur@isfugl.is**

ÍSFUGL

# Starfsfólk óskast

**Starfsfólk vantar í kjötvinnslu og sláturhús Ísfugls ehf. Mosfellsbæ.**
**Bæði dagvinna og kvöldvinna er í boði.**

**Ísfugl ehf., Mosfellsbæ is looking for employees to work in meet processing and packing. Daytime work and evenings both available.**

**Nánari upplýsingar gefur Þorsteinn Þórhallsson - steini@isfugl.is"**

## til sölu

# TIL SÖLU

Preform stálflekamót ásamt fylgihlutum c.a. 40 lengdarmeter í vegg

Einnig Benosato byggingakrani

Upplýsingar í síma 892-8910 (Einar)

## fasteignir

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Vatnsendablettur 247 - Kóp. Einstök staðsetning.**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Glæsilegt 300,6 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á frábærum stað alveg niður við Elliðavatn. Arkitekt er Kristinn Ragnarsson og innanhússarkitekt er Guðbjörg Magnúsdóttir. Mikil lofthæð á efri hæð. Sérsmíðaðar innréttingar í eldhúsi og borðstofu. <B>Þetta er glæsilegt og vandað hús með einstakri staðsetningu við Elliðavatnið. Lóðin er mikið til villt og hefur verið látin halda sér að mestu. Frábært tækifæri fyrir t.d. hestaáhugafólk. **Verð 99,0 millj. Fyrir liggur heimild um byggingu hesthúss á lóðinni fyrir 6 hesta. Verið velkomin.**

**Hjallasel 45. Parhús**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Vandað 69,1 fm. parhús á einni hæð með mikilli lofthæð og fallegum sér garði við Hjallasel sem er á lóð hjúkrunarheimilisins Seljahlíðar og hafa eigendur húsanna aðgengi að félagsstarfi og ýmis konar þjónustu á vegum Hjúkrunarheimilisins. Stofa með útgengi á verönd til suðurs. Baðherbergi er nýendurnýjað á vandaðan hátt sem og tæki í eldhúsi. **Verð 34,9 millj. Aðkoma að húsinu er mjög góð og sér bílastæði fyrir framan húsið á hellulagðri innkeyrslu. Verið velkomin.**

## tilkynningar

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

# Breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030

**RÚV-reitur, Efstaleiti**
**Fjöldi íbúða - Breytt landnotkun**

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 21. júlí 2016, tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, varðandi uppbyggingu á lóð RÚV við Efstaleiti.
Breytingartillagan nær til RÚV-reits, svæðis milli Listabrautar og Bústaðavegar, og felst annars vegar í breyttri landnotkun og hinsvegar fjölgun íbúða. Svæði fyrir samfélagsþjónustu (lóð RÚV) er breytt í miðsvæði (M21) þar sem áherslan er á íbúðir, samfélagsþjónustu, auk verslunar og þjónustu og skrifstofa. Reiturinn er skilgreindur sem sérstakur byggingarreitur í aðalskipulaginu (nr. 57) þar sem heimilt verður að byggja 350 íbúðir. Viðmið um hæðir húsa verður 3-5 hæðir og tímabil uppbyggingar er áætlað 2016-2020.
Tillagan var kynnt í samræmi við 30.-31. gr. skipulagslaga, sbr. 36.gr. 1. mgr., um breytingar á aðalskipulagi. Tillagan var auglýst samhliða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Tillögurnar voru kynntar á tímabilinu 13. maí til 24. júní 2016. Frestur til að gera athugasemdir var til 24. júní sl. Ein athugasemd barst við aðalskipulagstillöguna á auglýsingatímanum. Auk þess lágu fyrir umsagnir sem bárust fyrr í vinnsluferli tillögunnar og tekið var tillit til áður en tillagan fór í auglýsingu. Athugasemd gefur ekki tilefni til efnislegra breytinga og hefur tillagan verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar.
Þeir sem óska frekari upplýsinga og að nálgast einstök í gögn í málinu geta snúið sér til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar (skipulag@reykjavik.is).

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is



Pokémon GO hefur notið gríðarlegra vinsælda frá útgáfu þann 6. júlí.

# Hægt að losna við aukinn kostnað af Pokémon GO

Pokémon GO æðið hefur gert vart við sig á Íslandi síðastliðinn mánuðinn eins og alls staðar annars staðar í heiminum. Leikurinn er ókeypis en hins vegar geta margir lent í því að fá háan reikning í bakið með því að kaupa sér hluti inni í appinu sem hjálpa notendum að fanga fleiri Pokémona.

Annie O'Leary, ritstjóri Netmums, bendir á að þrátt fyrir marga kosti Pokémon GO verði foreldrar að átta sig á kostnaðinum sem þeir gætu þurft að greiða vegna notkunar barna sinna. Besta leiðin til að koma í veg fyrir aukakostnaðinn er að hindra kaup barnanna í smáforritinu í símunum þeirra. Í iPhone ferðu inn í Settings, ýtir á General restrictions, Enable restrictions, setur á lykilorð þar og ýtir á Allow og svo geturðu slökkt á In-app purchases. Svipaða leið má fara á Android-símum. – sg

**25** milljónir manna spiluðu Pokémon Go í Bandaríkjunum í júlí.

# Önnur Búlla opnuð í Berlín

Stefnt er að opnun annarrar Hamborgarabúllu Tómasar, eða Tommy's Burger Joint, í Berlín þann 1. október. Þetta staðfestir Tómas Andrés Tómasson, eigandi Hamborgarabúllu Tómasar. Um er að ræða níunda útibú Búllunnar erlendis.

„Það verður opnað í Róm núna 15. september, það er ein Búlla til að byrja með. Síðan verður opnuð önnur í Berlín þann 1. október," segir Tómas. Stefnt var að opnun staðarins í Róm í maí en þær áætlanir hafa eitthvað tafist.

Hamborgarabúllan opnaði fyrstu Búllu sína erlendis í London árið 2013 og fyrsti staðurinn var opnaður í Berlín fyrir tveimur árum. Nú eru einnig Búllur í Kaupmannahöfn, Ósló, Malmö og Árósum. – sg





SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR

ERUM MEÐ VANA SMIÐI,
VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA
SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.

HANDAFL EHF s. 777 2 333




# Traust og öflug tenging

## Mannauðsstjóri

Landsnet leitar að öflugum einstaklingi til að leiða mannauðsmál félagsins og taka þátt í uppbyggingu og þróun fyrirtækisins til framtíðar. Landsnet leggur áherslu á metnaðarfulla mannauðsstefnu, góða fyrirtækjamenningu og sterka liðsheild í umhverfi sem er í hraðri mótun.

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið**
- Þróun mannauðsstefnu og stuðla að traustri fyrirtækjamenningu
- Ráðgjöf til stjórnenda í mannauðs- og kjaramálum
- Ábyrgð á launavinnslu og gerð launaáætlana
- Þátttaka í gerð kjarasamninga og samskipti við stéttarfélög
- Ráðningar og ráðningaferlar
- Fræðslu- og starfsþróunarmál

**Hæfniskröfur**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun á sviði mannauðsmála kostur
- Víðtæk reynsla á sviði mannauðsmála
- Reynsla af breytingastjórnun
- Leiðtogahæfileikar og færni í mannlegum samskiptum
- Sveigjanleiki og áhugi á að fylgjast með nýjungum á sviði mannauðsmála
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Góð íslenskukunnátta í ræðu og riti

**Um Landsnet**
Við flytjum raforku á Íslandi og stýrum uppbyggingu flutningskerfisins. Við sjáum fyrir okkur rafvædda framtíð sem er í takt við samfélagið og höfum sett okkur það markmið að tryggja örugga afhendingu á raforku til framtíðar og að ná sátt um þær leiðir sem farnar verða. Við viljum taka tillit til þarfa samfélagsins á hverjum tíma og sýnum ábyrgð í umgengni við náttúruna. Við berum umhyggju hvert fyrir öðru og viljum skapa góðan vinnustað með spennandi verkefnum. Við höfum að leiðarljósi gildin okkar: samvinnu, ábyrgð og virðingu.

**Umsóknarfrestur er til og með 14. ágúst 2016.**
Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi.
Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Tinni Kári Jóhannesson (tinni.johannesson@capacent.is) hjá Capacent.

Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is

## Peningamál



Þorsteinn Víglundsson
framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins

# Endurtekin mistök

Íslenskt efnahagslíf stendur í blóma um þessar mundir og hefur risið hratt úr öskustó hrunsins á flesta mælikvarða. Er það ekki síst fyrir tilstilli mikillar sóknar helstu útflutningsgreinanna. Hún skýrist meðal annars af hagstæðu gengi í kjölfar hrunsins, hækkandi afurðaverði sjávarafurða, lægra olíuverði, uppgangi ferðaþjónustu og nýsköpun í tækni- og hugverkaiðnaði og öðrum greinum. Þessu er nú stefnt í voða með mikilli styrkingu íslensku krónunnar.

Á tímabilinu frá 2007 hafa útflutningstekjur þjóðarbúsins aukist úr 455 milljörðum í tæplega 1.200 milljarða á síðasta ári. Vissulega hafði fall krónunnar í upphafi áhrif en ef horft er á útflutningstekjur sem hlutfall af landsframleiðslu þá uxu þær úr 33% árið 2007 í 53% á síðasta ári. Þetta er helsta ástæða þess hversu vel hefur gengið í endurreisn íslensks efnahagslífs.

Gengi krónunnar hefur styrkst um 23% frá árslokum 2012. Svigrúm var til gengisstyrkingar en þessi hraða gengisstyrking undanfarið ár er farin að valda útflutningsfyrirtækjum verulegum skaða. Landið verður mun dýrara heim að sækja og það fæst mun færri krónur fyrir útfluttar afurðir. Á sama tíma þurfa fyrirtækin að kljást við hærri launakostnað og vexti. Þetta eru ekki góð vaxtarskilyrði fyrir sprota á sviði útflutningsgreina. Það vitum við af fyrri reynslu.

> **Þegar gengið brast gaus verðbólgan fram og jók enn á aðlögunarvanda hagkerfisins.**

Verðstöðugleiki er afar mikilvægur fyrir hagkerfið. Miklar launahækkanir undangenginna missera juku mjög á verðbólguhættuna en til þessa hefur verðlag þó haldist stöðugt. Það skýrist einkum af hækkandi gengi, lækkandi hrávöruverði og hagræðingu í rekstri fyrirtækja. Stóraukinn vaxtamunur við útlönd á sinn þátt í mikilli styrkingu gengisins líkt og á fyrri þenslutímabilum. Það er stórvarasamt að grafa svona undan útflutningsatvinnuvegunum enn og aftur. Mikill uppgangur þessara greina er meginástæða þess hversu heilbrigðara hagkerfið er á alla helstu mælikvarða samanborið við þensluárin 2005 til 2007. Þá var barist við verðbólguna með sömu ráðum og nú. Breitt var yfir undirliggjandi verðbólguþrýsting með gengisstyrkingu sem til lengri tíma reyndist algerlega ósjálfbær. Þegar gengið brast gaus verðbólgan fram og jók enn á aðlögunarvanda hagkerfisins.

Enn á ný virðist Seðlabankinn ætla að fórna hagsmunum útflutningsfyrirtækjanna til að ná fram markmiðum meingallaðrar peningastefnu. Það er löngu tímabært að peningastefnan verði tekin til gagngerrar endurskoðunar.

## Glímt í Ríó



Úsbekinn Rishod Sobirov og Dóminíkumaðurinn Wander Mateo háðu harða júdóglímu á Ólympíuleikunum í Ríó á sunnudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Ollu eftirstríðsárabörnin því að stýrivextir féllu?



Lars Christensen
alþjóðahagfræðingur

Stýrivextir á Vesturlöndum – að undanskildu Íslandi – hafa komist í sögulegar lægðir, nálægt núllinu, eftir að kreppan skall á 2008. Það hefur valdið því að margir álitsgjafar hafa haldið því fram að peningamálastefnan sé mjög lausbeisluð.

Hins vegar ættum við, þegar við hugsum um stýrivexti, að bera saman raunverulega stýrivexti og það sem sænski hagfræðingurinn Knut Wicksell kallaði „eðlilega stýrivexti“, sem eru stýrivextirnir sem eru nauðsynlegir til að halda hagkerfinu í jafnvægi – stöðugri verðbólgu og stöðugri atvinnu o.s.frv. Það er engin ástæða til að halda að eðlilegir stýrivextir séu stöðugir til lengri tíma. Ef hugsanlegur hagvöxtur til lengri tíma er hærri ættum við að búast við hærri eðlilegum stýrivöxtum.

Lykilatriði þegar maður ákvarðar hagvöxt til langs tíma er lýðfræðileg þróun. Hraðari fólksfjölgun mun á endanum valda aukningu á vinnuafli, sem aftur veldur hugsanlegum hagvexti. Þetta hækkar „eðlilega stýrivexti“.

### Neikvæð lýðfræðileg þróun lækkar „eðlilega stýrivexti“

Í stærsta hagkerfi heimsins, Bandaríkjunum, varð mikil fjölgun barneigna í kjölfar heimsstyrjaldarinnar síðari. Þessi „eftirstríðsárabörn“ fóru að koma inn á bandaríska vinnumarkaðinn á miðjum 7. áratugnum. Núna, hins vegar, eru eftirstríðsárabörnin að fara af bandaríska vinnumarkaðnum. Það er athyglisvert að meðaleftirlaunaaldur í Bandaríkjunum er um það bil 63 ár. Þar af leiðir að meðaljóninn í Bandaríkjunum sem fæddist í lok heimsstyrjaldarinnar 1945 hefur farið á eftirlaun 63 árum síðar, eða 2008 – einmitt þegar kreppan skall á.

> **Þótt engin kreppa hefði skollið á og verðbólga hefði haldist eins og hún var árin 2006-7 þá væru stýrivextir í dag mun lægri bara vegna mannfjöldaþróunar í Bandaríkjunum.**

Ef við lítum á raunverulega þróun á bandaríska vinnumarkaðnum er ljóst að brotthvarf eftirstríðsárabarnanna síðasta áratuginn hefur greinilega valdið fækkun vinnandi fólks sem hlutfalls af íbúafjöldanum. Þessi tilhneiging byrjaði um það bil árið 2000 og hefur vaxið síðan. Það hefði mátt ætla að það hefði lækkað „eðlilega stýrivexti“ í Bandaríkjunum og þetta er reyndar líka það sem við sjáum þegar við athugum formlega tölfræðilegt samband á milli stýrivaxta í Bandaríkjunum og lýðfræðinnar.

Þannig getum við metið tölfræðilegt samband á milli efnahagsstarfsemi, verðbólgu og mannfjöldaþróunar. Þetta hef ég gert fyrir Bandaríkin. Niðurstaðan er sláandi. Hún sýnir að síðan í upphafi aldarinnar hefur lýðfræðin greinilega lækkað eðlilega stýrivexti í Bandaríkjunum. Raunar má skýra allt að helming lækkunar stýrivaxta – það er 2-3 prósentustig – síðasta áratuginn með mannfjöldaþróuninni.

Með öðrum orðum: Þótt engin kreppa hefði skollið á og verðbólga hefði haldist eins og hún var árin 2006-7 þá væru stýrivextir í dag mun lægri bara vegna mannfjöldaþróunar í Bandaríkjunum.

Það er mikilvægt að skilja þetta þegar sagt er að peningamálastefna Bandaríkjanna sé mjög hjálpsöm. Hún er það raunverulega ekki og verulegur hluti lækkunar stýrivaxtanna er kerfislægur frekar en vegna einhverra aðgerða seðlabankans hvað peningastefnu varðar. Þar af leiðandi ættum við ekki að vænta þess að stýrivextir í Bandaríkjunum færist aftur í „gamla normið“ sem var 4-5%, heldur að „nýja normið“ verði sennilega í kringum 2-3% stýrivextir í Bandaríkjunum.

# Sannleikurinn um sykurskatt

## Hin hliðin



Heiðrún Lind Marteinsdóttir
héraðsdómslögmaður á LEX lögmannsstofu

Um liðna helgi bárust fréttir af því að embætti landlæknis teldi nauðsynlegt að hækka virðisaukaskatt á sykraðar matvörur úr 11% í 24%. Rökstuðningur embættisins var á þá leið að niðurstöður rannsókna sýndu að álögur á gosdrykki gætu verið árangursrík leið til að draga úr neyslu. Þá var vísað til reynslu annarra ríkja, sem sýndi að aukin skattheimta á sykruð matvæli skilaði árangri og var Mexíkó þar sérstaklega nefnt.

Hið rétta er að sykurskattur er vond leið til að reyna að stýra neyslu á sykruðum matvælum. Því til stuðnings þarf hvorki að benda á ónefndar erlendar rannsóknir né reynslu ríkja á borð við Mexíkó, sem eiga lítt sambærilegt við Ísland. Staðreyndin er sú að sykurskattur var lagður á hér á landi í mars 2013 í formi vörugjalda. Hann var aflagður í árslok 2014. Áhrif skattsins voru engin á neyslu, en tekjur ríkissjóðs jukust hins vegar um einn milljarð króna. Neytendur héldu því áfram að kaupa sykruð matvæli þrátt fyrir að þau væru dýrari. Ekki hefði verið úr vegi að inna landlæknisembættið eftir þessari niðurstöðu, þegar embættið fer nú aftur af stað með tillögur um að draga fleiri krónur úr vasa neytenda.

Þar sem reynsla Mexíkó var sérstaklega nefnd, hefði heldur ekki verið úr vegi að upplýsa að sala á sykruðum gosdrykkjum hefur aftur farið vaxandi þar í landi. Þegar sykurskattur á gosdrykki var lagður á í Mexíkó dróst sala þeirra saman um 1,9% árið 2014. Árið 2015 jókst salan hins vegar aftur um 0,5%. Áhrifin voru því skammvinn. Þá verður ekki hjá því litið að samhliða var ráðist í aðrar aðgerðir, meðal annars forvarnir og fræðslu, á vegum mexíkóska ríkisins til að draga úr offitu. Samdrátt í sölu má því einnig rekja til þeirra aðgerða. Ekki er síður athyglivert að mjólkurvörur og ávaxtasafar voru ekki skattlögð með sambærilegum hætti og gosdrykkir. Neysla þessara afurða jókst þannig um leið og sala gosdrykkja dróst saman. Neytendur færðu sig því frá einni sykraðri vöru í aðra.

Neyslu sykraðra matvæla verður ekki stýrt með sköttum, boðum og bönnum. Lýðheilsa er best tryggð með fræðslu og forvörnum. Að endingu er það síðan neytandinn sjálfur sem á að hafa val um það hvaða mat hann leggur sér til munns.

ALLA DAGA VIKUNNAR Í OPINNI DAGSKRÁ KL. 18.30



VIÐ FLYTJUM ÞÉR

FRÉTTIRNAR

Fréttir Stöðvar 2, í opinni dagskrá alla daga vikunnar, alla daga ársins, kl. 18.30.

365

FRÉTTASTOFA

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 10. ágúst 2016


Íslenska úrvalsvísitalan
1692,17 +0,63
(0,04%)

vísir
www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti

# 20

**MILLJÓNA HAGNAÐUR**

Aðalskoðun hagnaðist um 20,2 milljónir króna á síðasta ári. Hagnaðurinn jókst um 66 prósent milli ára. Eignir í árslok námu 529 milljónum króna, samanborið við 565 milljónir króna árið áður. Eigið fé í lok ársins nam 255,8 milljónum króna og lækkaði eilítið milli ára. Í árslok 2015 var Veigur ehf. stærsti hluthafi Aðalskoðunar og átti 45 prósenta hlut.

# 667

**ÍBÚÐIR SELDAR Á ÁRINU**

Á fyrstu sex mánuðum ársins seldi Íbúðalánasjóður 667 eignir, samanborið við 545 á sama tímabili í fyrra. Um 23 prósent fjölgun er að ræða. Á öllu árinu 2015 seldust 898 eignir. Í lok júní átti Íbúðalánasjóður 825 fullnustueignir, þá hafði 781 eign eða 95 prósent fullnustueigna sjóðsins verið ráðstafað í leigu, sölumeðferð eða í vinnslu.

**9.8.2016**



**En það er bara þannig með þessar pólitísku hugmyndafræði að þær virðast vera vitagagnslaust drasl þeim sem eru komnir á valdastóla og veita okkur kjósendum litla innsýn í það sem þeir kynnu að gera sem við viljum koma þangað.**

Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar

## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Tvær hliðar peningsins

**Að sögn** forsætisráðherra stendur nú til að leggja fram frumvarp um breytingu á tilhögun verðtryggingar á allra næstu dögum. Er þetta víst eitt af þeim málum sem þarf að klára til að hægt sé að efna loforð um haustkosningar.

**Lítið** er vitað um efni frumvarpsins en þó er hægt að geta sér þess til að byggt verði á niðurstöðum sérfræðingahóps um afnám verðtryggingar sem skilaði niðurstöðum fyrir nokkru. Meðal eftirtektarverðustu niðurstaða hópsins var að fjörutíu ára verðtryggð lán skyldu bönnuð með öllu auk þess sem hækka skyldi lágmarkstíma verðtryggðra lána úr fimm í tíu.

**Stjórnarmaðurinn** hefur raunar löngum fylgst forviða með verðtryggingarheilkenni sumra stjórnmálamanna sem láta eins og verðtryggingin ein og sér sé orsakavaldur efnahagslegs óstöðugleika á Íslandi gegnum árin. Það er vitaskuld algerlega fráleitt. Jafn fráleitt er að grípa eigi til lagasetningar til að takmarka þá kosti sem fólki býðst í fjármögnunarmálum.

**Hinn almenni** lántakandi er fullmeðvitaður um kosti og ókosti verðtryggðra og óverðtryggðra lána. Þau fyrrnefndu bera lægri vexti en eignamyndun er að sama skapi allajafna hægari. Síðarnefndu lánin eru svo með þyngri afborgunum en hraðari eignamyndun.

**Við verðum** að treysta fólki til að velja þann kost sem hentar betur hverju sinni. Hag fólks er hið minnsta kosti ekki betur borgið með því að fækka valkostum.

**Svo er** annað mál að þeir sömu pólitíkusar og þjást af verðtryggingarheilkenninu mega oft ekki heyra á það minnst að hér verði tekinn upp annar gjaldmiðill en gamla, góða krónan – fjármálalegt ígildi hinnar íslensku sauðkindar.

**Menn getur** Menn getur greint á um hvort rétt sé að við höldum í örgjaldmiðilinn okkar. Hins vegar er erfitt að vera hvort tveggja, eitilharður stuðningsmaður krónunnar en svarinn andstæðingur verðtryggingarinnar. Þar fara nefnilega tvær hliðar á sama peningi.







# SKRIFSTOFU-SKÓLI NTV OG MÍMIS

**ER LANGT SÍÐAN ÞÚ VARST Í NÁMI EÐA VILTU STYRKJA ÞIG Í STARFI?**



## HEFST 29. OG 30. ÁGÚST

**KVÖLD OG MORGUNNÁM Í BOÐI**

**ALMENNT SKRIFSTOFU- OG TÖLVUNÁM MEÐ ÁHERSLU Á AÐ STYRKJA EINSTAKLINGINN OG GERA HANN HÆFARI TIL AÐ TAKAST Á VIÐ KREFJANDI STÖRF. NÁMIÐ ER NIÐURGREITT Í SAMVINNU VIÐ MÍMI-SÍMENNTUN, KOSTAR 49.000 KR. OG SNIÐIÐ AÐ FÓLKI SEM HEFUR STUTTA SKÓLAGÖNGU AÐ BAKI.**

NTV skólinn sérhæfir sig í hagnýtu og starfsmiðuðu námi í samvinnu við mörg af leiðandi fyrirtækjum landsins. Kennsla í NTV er verkefnamiðuð og fer fram í litlum hópum í nánu samstarfi við kennara. NTV er viðurkenndur fræðsluaðili af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og er alþjóðleg prófamiðstöð.

**www.ntv.is**

ntv

Nýi tölvu-og viðskiptaskólinn









Hrafnhildur Lúthersdóttir náði sögulegum árangri í 100 m bringusundi á Ólympíuleikunum í Ríó. Hún náði besta tíma Evrópumanns og besta árangri íslenskrar sundkonu á Ólympíuleikum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Verst er að ég þarf að borða svo oft

**Hrafnhildur Lúthersdóttir náði sjötta sæti í 100 metra bringusundi í úrslitasundi sem fór fram það seint um kvöld að það var komið fram yfir háttatíma hjá mörgum. Hún keppir strax aftur í dag, í þetta sinn í 200 m bringusundi og er bjartsýn fyrir verkefni dagsins.**

**SUND** Íslenska sundkonan Hrafnhildur Lúthersdóttir fær ekki mikinn tíma til að ná úr sér þremur sundum í 100 metra bringusundinu á Ólympíuleikunum í Ríó. Úrslitasundið var aðfaranótt þriðjudagsins og hún keppir strax aftur í dag.

Hrafnhildur varð í 100 metra bringusundinu fyrsta íslenska konan til að synda til úrslita á Ólympíuleikum. Hrafnhildur hækkaði sig í hverju sundi en þetta var í þriðja sinn sem hún synti sundið á leikunum. Hún var með níunda besta tímann í undanrásum en sjöunda besta tímann í undanúrslitunum og endaði síðan á því að tryggja sér sjötta sætið í úrslitunum.

### Vorkenndi heimsmethafanum

„Ég komst upp um eitt sæti og það er alltaf gott. Að vera á undan Ólympíumeistara og heimsmethafa það er líka alltaf frábært,“ segir Hrafnhildur Lúthersdóttir en hún var á undan Litháanum Ruta Meilutyte í úrslitasundinu.

Ruta Meilutyte á heimsmetið og vann gull á Ólympíuleikunum í London fyrir fjórum árum. Hún varð í sjöunda sæti í sundinu og var hágrátandi á eftir.

„Ég vorkenndi henni svo sem af því að þetta gekk ekkert upp hjá henni og hún var alveg niðurbrotin eftir sundið. Það er samt frábært að geta unnið hana. Minnstu mistök og þá er bara allt búið. Ég gerði mín eigin mistök og þetta var alls ekki fullkomið sund því ég var alveg dauð í endann. Þetta var heldur ekki góður tími og ég hefði viljað fara á miklu betri tíma,“ segir Hrafnhildur.

„Ég get ekki kvartað því ef ég hefði verið í áttunda sæti þá hefði ég samt verið ánægð. Áttunda sætið á Ólympíuleikunum er alveg frábært. Ég er ánægð,“ segir Hrafnhildur.

> Ég held að ég eigi eftir að standa mig nokkuð vel í 200 eða ég vona það allavega. Maður veit aldrei hvað hinar sundkonurnar gera eða hvernig þær standa sig.
>
> Hrafnhildur Lúthersdóttir

### Óvenjulegur keppnistími

Úrslitasundið fór ekki fram fyrr en mjög seint um kvöldið sem er mjög óvenjulegt fyrir sundfólkið. Verið er að stilla sundið inn á besta sjónvarpstíma í Bandaríkjunum þar sem áhuginn er mjög mikill.

„Við erum komin í rútínu. Ég reyndi samt að sofa svolítið út í morgun en svo verður maður bara að leggja sig á milli,“ segir Hrafnhildur um fyrirkomulagið á mánudaginn þegar hún synti úrslitasund rétt fyrir klukkan ellefu um kvöldið að staðartíma í Ríó.

„Það er líka það að þegar maður er vakandi svona lengi þá þarf maður að borða svo oft og eitthvað svona,“ segir Hrafnhildur og hlær. „Við náum að jafna okkur á þessu og það þýðir ekkert annað ef við viljum synda vel,“ segir Hrafnhildur.

### Lærði mikið af þessu sundi

Undanrásirnar í 200 metra bringusundinu eru strax í dag og hún syndir síðan í undanúrslitunum í nótt takist henni að tryggja sig þangað inn.

„Ég fæ bara einn dag til þess að hvíla mig en ég þarf að fara að stilla mig inn á hraðann í 200 metra sundinu og synda það,“ segir Hrafnhildur og hún er ekkert hætt þrátt fyrir frábæran árangur í fyrstu grein.

„Ég lærði mjög vel af þessu 100 metra sundi og hlakka til að fara í tvö hundruð,“ sagði Hrafnhildur.

„Þó að ég sé ekki með hraðann þá er ég með þessi löngu tök held ég enn þá. Ég held að ég eigi eftir að standa mig nokkuð vel í 200 eða ég vona það allavega. Maður veit aldrei hvað hinar sundkonurnar gera eða hvernig þær standa sig. Ég ætla að reyna mitt besta og reyna að komast eins langt og ég get,“ segir Hrafnhildur að lokum.

Stilling

# Varahlutir í bílinn

**Verksmiðjuábyrgð á þínum bíl er tryggð með vottuðum varahlutum frá Stillingu**




Stilling
Allt fyrir bílinn

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# Ný plata hjá stóru og virtu útgáfufyrirtæki

**Í byrjun árs kom virtur þýskur upptökustjóri til landsins og tók upp plötu með kórnum Schola cantorum sem verður gefin út í dag hjá sænska útgáfufyrirtækinu BIS. Í tilefni þess verða tónleikar í Hallgrímskirkju í hádeginu í dag þar sem sungin verða lög af plötunni.**

Kórinn Schola cantorum gefur út nýja plötu í dag sem ber titilinn Meditatio. Platan er gefin út af sænska útgáfurisanum BIS sem er mjög virt og alþjóðlegt útgáfufyrirtæki, þannig að hún fær nokkra dreifingu á heimsvísu.

„Þau tóku upp þessa plötu snemma á árinu með virtum þýskum upptökustjóra sem vinnur mikið fyrir BIS. Hann kom hingað og tók plötuna upp með þeim í Hallgrímskirkju. Þetta er ansi magnað safn af verkum sem er að finna á þessari plötu,“ segir Sigríður Ásta Árnadóttir tónleikastjóri.

„Það þótti mikill ávinningur að fá upptökustjórann Jens Braun. Hann hjálpaði til við að landa útgáfu hjá BIS. Þeir hjá BIS eru kröfuharðir þegar kemur að klassískri tónlist þannig að þetta er gæðastimpill á kórinn og starfið. Disknum verður dreift alþjóðlega.“

Verkin sem eru tekin fyrir á þessari plötu eru öll frá 20. og 21. öldinni og öll eiga þau það sameiginlegt að tjá sára sorg eða söknuð vegna ástvinamissis – einnig má í þeim finna von og huggun. Meðal verka sem birtast á plötunni má nefna Lux aurumque eftir Eric Whitacre, Heyr þú oss himnum á eftir Önnu Þorvaldsdóttur, Requiem eftir Jón Leifs sem var samið um dóttur Jóns sem drukknaði og Heyr himna smiður eftir Þorkel Sigurbjörnsson.

Kórinn fagnar í ár 20 ára afmæli sínu.



**Schola cantorum hefur starfað í 20 ár undir stjórn Harðar Áskelssonar og sungið hér og þar í heiminum.**

Á þessum langa ferli hefur Schola cantorum hlotið mikla athygli auk þess að hafa unnið til verðlauna í erlendum kórakeppnum og komið fram á tónleikum víðsvegar um heiminn. Kórinn var útnefndur Tónlistarhópur Reykjavíkurborgar árið 2006 og hefur fengið tilnefningar til íslensku tónlistarverðlaunanna og tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs. Schola cantorum hefur starfað með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Alþjóðlegu barokksveitinni í Den Haag og Björk okkar og Sigurrós. Hörður Áskelsson hefur stjórnað kórnum öll 20 árin.

Kórinn mun koma fram á fimm tónleikum á tónlistarhátíðinni Green Umbrella í Los Angeles í apríl á næsta ári, frumflytja Sálumessu eftir Sigurð Sævarsson og Requiem eftir A. Schnittke í nóvember og Jólaóratoríu Bachs í desember ásamt Alþjóðlegu barokksveitinni í Haag.

Útgáfunni verður fagnað með tónleikum í Hallgrímskirkju á hádegi í dag þar sem lög af plötunni verða sungin og á eftir verður gestum boðið upp á kaffi. Miðaverð á tónleikana er 2.500 krónur og að sjálfsögðu verður hægt að kaupa plötuna á staðnum. **stefanthor@frettabladid.is**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**INGIBJÖRG G. JÓNSDÓTTIR**

Baugatanga 1,

lést á dvalarheimilinu Grund sunnudaginn 7. ágúst. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni þriðjudaginn 16. ágúst, kl. 15.00.

**Sigurður P. Kristjánsson**
**Áslaug Sigurðardóttir** **Pétur H. Stefánsson**
**Sigrún Sigurðardóttir** **Magnús I. Torfason**
**Jón Sigurðsson** **Jónína Þ. Thorarensen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elsku hjartans mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,

**Arndís Oddfríður Magnúsdóttir**

(Addý)
hárgreiðslumeistari,
Eyjabakka 2,
Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut þann 3. ágúst sl. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 15. ágúst kl. 15.00.

**Ingunn Björgvinsdóttir**
**Guðrún Valborg Björgvinsdóttir** **Jökull H. Úlfsson**
**Björgvin Arnar Björgvinsson** **Guðrún Sverrisdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Haraldur Hannesson**

fyrrum bóndi í Víðigerði,
Eyjafjarðarsveit,

verður jarðsunginn frá Grundarkirkju föstudaginn 12. ágúst kl. 13.30.

**Hjörtur Haraldsson** **Helga Björg Haraldsdóttir**
**Hildur Haraldsdóttir** **Davíð Jónsson**
**Hannes Haraldsson** **Guðlaug Jóhannsdóttir**
**Kristín Haraldsdóttir** **Sigurður Óli Þórisson**
**Laufey Haraldsdóttir** **Bjarni P. Maronsson**
**Guðrún Haraldsdóttir** **Harri Englund**
**Sólveig Bennýjar Haraldsd.** **Unnsteinn Tryggvason**
**Snjólaug Haraldsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Viggó Arnar Jónsson**

frá Möðrudal,
Álfheimum 9,
Reykjavík,

lést á Skjóli 8. ágúst. Útförin fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 12. ágúst kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim er vildu minnast hans er bent á björgunarsveitirnar.

**Herdís Eiríksdóttir**
**Hildur Ásta Viggósdóttir** **Sigurgeir Sigmundsson**
**Vigdís Hrönn Viggósdóttir** **Smári Brynjarsson**
**og fjölskyldur þeirra.**

---



✝

Ástkær faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,

**Gísli Guðmundsson**

Asparfelli 6, Reykjavík,

sem lést 1. ágúst sl., verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju 12. ágúst kl. 13.

**Guðrún Þórunn Gísladóttir, Ingiberg Magnússon,**
**Vésteinn, Ólafur og Magnús Gísli Ingibergssynir,**
**Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir**
**og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskulegur eiginmaður minn,

**Ingólfur Jóhannesson**

lést 7. ágúst. Útförin fer fram frá Áskirkju föstudaginn 19. ágúst kl. 14.00.

**Þórunn Benný Finnbogadóttir**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Auður Hauksdóttir**

Lindargötu 57, Reykjavík,
áður Kirkjuvegi 17, Selfossi,

lést á Landspítalanum laugardaginn 6. ágúst. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 15. ágúst kl. 13.00.

**Ólöf Lilja Sigurðardóttir** **Davíð Björnsson**
**Jóhannes Eggertsson** **Herdís Halla Ingimundard.**
**Baldvin Eggertsson**
**Kjartan Haukur Eggertsson** **Guðrún Þóra Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Okkar yndislega móðir, tengdamóðir, sambýliskona, amma og langamma,

**Agnes Sæmundsdóttir**

frá Grindavík,
til heimilis að Stapavöllum 8,
Reykjanesbæ,

lést í faðmi fjölskyldunnar fimmtudaginn 4. ágúst. Útför hennar verður gerð frá Grindavíkurkirkju föstudaginn 12. ágúst kl. 13.00.

**Bjarnlaug D. Vilbergsdóttir** **Ómar Björnsson**
**Jóhannes G. Vilbergsson** **Margrét Kristjánsdóttir**
**Guðrún María Vilbergsdóttir** **Kristinn Sørensen**
**Björn Þórðarson**
**barnabörn, langömmubörn og aðrir aðstandendur.**

---



